


Jón Steinar Gunnlaugsson

Veikburða Hæstiréttur

Verulegra úrbóta er þörf



Ráðleg Acrobat uppsetning



VEIKBURÐA HÆSTIRÉTTUR

Jón Steinar Gunnlaugsson
fyrrverandi dómari við Hæstarétt Íslands

Veikburða Hæstiréttur

Verulegra úrbóta er þörf

Ritgerð

ALMENNA BÓKAFÉLAGIÐ

Veikburða Hæstiréttur: Verulegra úrbóta er þörf
Copyright © 2013, Jón Steinar Gunnlaugsson. Öll réttindi
áskilin.

Einkahlutafélagið JSG-ráðgjöf liðsinnti við útgáfu.
Gunnlaugur SE Briem bjó undir prentun og gerði
myndefni.

SKILMÁLAR NOTKUNARHEIMILDAR

Öllum er heimilt að sækja ritgerð þessa á lén Landsbóka-
safns Íslands <rafhladan.is> án endurgjalds, en þó með
eftirtöldum skilmálum: Einungis er heimilt að sækja
verkið á vefinn til einkanota, fræðimennsku og rann-
sóknna. EKKI er heimilt að sækja það til dreifingar til
annarra. Þá er óheimilt að endurgera verkið, breyta því í
önnur snið, endurselja það eða hluta þess, innfella það í
heild eða hluta í hugbúnað eða tölvugögn, sem eru notuð,
framseld með notkunarheimild eða látin af hendi með
sölu eða í ágóðaskyni.

Telji notandi vafa leika á hvort notkun sé heimil er
ráðlegt að senda tölvupóst með fyrirspurn til Almenna
bókafélagsins, <bokafelagid@bokafelagid.is>. Með
því að nota verkið samþykkir notandi að afnot þess og
upplýsingar í því séu án ábyrgðar höfundar og útgefanda
af nokkru tagi. Birta má myndir og texta úr ritgerðinni í
ritdómum um hana.

AFNOT EFNIS, MYNDA EÐA UPPLÝSINGA Í ÞESSU
VERKI ER ALFARIÐ Á EIGIN ÁBYRGÐ NOTANDA.

Útgefandi: Almenna bókafélagið, hluti af BF-útgáfu ehf.,
Reykjavík 2013

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

ISBN 978-9935-426-62-8 Kilja


ISBN 978-9935-426-63-5 Innbundin

ISBN 978-9935-426-64-2 Rafbók

EFNISYFIRLIT

VEIKBURÐA HÆSTIRÉTTUR	9
HLUTVERK HÆSTARÉTTAR	11
FJÖLSKIPAÐUR ÆÐSTI DÓMSTÓLL	13
MÁLAFJÖLDI OG ÞRIGGJA DÓMARA	
KERFI	15
FORDÆMISDÓMSTÓLL	20
MILLIDÓMSTIG	
Einhugur	25
Úrræði til bráðabirgða	26
Brýn breyting	26
Hvert mál aðeins á tvö dómstig	29
VARADÓMARAR	
Undantekningarregla	31
Ofnýtt heimild	34
Kunningjagæska	35
Óheppileg rýmkun á heimild	36
SKIPUN NÝRRA DÓMARA VIÐ HÆSTARÉTT	
Besta starfsreynslan	39
Dómnefnd	40
Valdahópur	43
Tvö dæmi um ráðslag dómnefndar	45
Hvernig mælast þeir sjálfir?	49
Nefnd án ábyrgðar	50
Æskileg nýskipan	51

RITUN DÓMSATKVÆÐA OG BIRTING	
Frummælandi	54
„Fjölskyldustemning“	55
Rússíbanareið um dómsmálin	57
Samið um forsendur	58
H. 18. desember 2000 í máli nr. 419/2000..	58
H. 22. september 2010 í máli nr. 371/2010.	60
H. 19. desember 2000 í máli nr. 125/2000..	62
Sameiginlegir fingurbrjótar	64
Tvenns konar úrræði	68
Endurbætur	
Tillagan	68
„Kórdómstóll“ fremur en fjölskipaður dómstóll	70
Lagst gegn tillögu	71
Frumvarp og umsagnir	71
Þýðingarmikil endurbót	78
TRAUST Á DÓMSTÓLUM	79
LOKAORÐ	84
AFTANMÁLSGREINAR	87
ÞAKKARORÐ	95



Vegurinn framundan

Búast má við hindrunum á leiðinni ef vilji verður til þess að ráðast í þær breytingar á lögum sem lagðar eru til í þessari ritgerð. Látum þær ekki aftra för.

VEIKBURÐA HÆSTIRÉTTUR

Verulegra úrbóta er þörf

ÉG hvæt menn til þess að herða upp hugann. Íslenskir lögfræðingar eru ekki vanir því að fjallað sé opinberlega um starfsemi Hæstaréttar Íslands og það sem þar kann að fara aflaga. Það er eins og margir þeirra telji ekki við hæfi að ræða um þetta þó að þeim mislíki oft það sem fram fer. Kannski eru menn hræddir við að styggja þau sem þarna sitja.

9

Ekki er síður ástæða til þess að veita þessari ríkisstofnun aðhald með gagnrýni og úrbótatillögum en öðrum. Það er jafnvel ríkari ástæða til þess en í öðrum tilvikum, þar sem þeim sem þarna starfa er tryggt sérstakt starfsöryggi með ótímabundinni skipun í embætti. Þau þurfa því ekki að standa neinum reikningsskil á meðferð þess mikla valds sem þau fara með. Eina aðhaldið sem unnt er að veita felst í málefnalegri gagnrýni á starfshættina sem unnið er eftir og verkin sem unnin eru. Ég vil því nú, eftir að ég hef látið af störfum sem dómari við réttinn, gera grein fyrir því sem ég tel að helst fari aflaga í réttarkerfinu á Íslandi og þá einkum í starfi æðsta dómstólsins, Hæstaréttar.

Svo sem flestir vita er í grunninn tveggja þrepa dómskerfi á Íslandi. Á lægra dómstigi eru staðbundnir héraðsdómstólar en á hinu æðra Hæstiréttur sem tekur til landsins alls. Sá sem hér skrifar

var skipaður hæstaréttardómari árið 2004 en lét af störfum 1. október 2012 og starfaði því sem dómari við réttinn í um átta ár. Áður hafði ég starfað sem málflutningsmaður við dómstóla landsins í um 30 ár, þar af sem hæstaréttarlögmaður frá árinu 1980. Á því tímabili flutti ég nokkur hundruð mál við

10 Hæstarétt. Reynslan af þessum störfum veldur því að ég tel að verulegra úrbóta sé þörf á reglum um skipulag og starfsemi íslenskra dómstóla og þá ekki síst Hæstaréttar.

HLUTVERK HÆSTARÉTTAR

SEGJA má að hlutverk Hæstaréttar Íslands sé einkum tvíþætt. Í fyrsta lagi þjónar hann hlutverki sem endurskoðunardómstóll, það er að segja stofnun sem gefur kost á að dómur á fyrra dómstigi sé endurskoðaður ef málsaðili telur hann rangan og lagareglur veita heimild til málskots. Í öðru lagi á Hæstiréttur að þjóna hlutverki sem samræmingardómstóll. Felst það í því að dómar hans eiga að gefa fyrirheit um að síðari mál um sambærilegt sakarefni við það sem dæmt er hljóti sömu úrlausn og hið fyrra mál. Leiðir þetta til þess að dómstólar á lægra dómstigi leggja dóma Hæstaréttar til grundvallar í nýjum málum um sambærilegt sakarefni og Hæstiréttur hefur dæmt í fyrra máli. Tala menn þá um fordæmisgildi dóms Hæstaréttar. Í því felst fyrst og fremst að ekki sé ástæða til þess að ætla að sömu dómara muni síðar komast að annarri niðurstöðu um sakarefni sambærilegt því sem þeir hafa þegar tekið afstöðu til í dómi. Vísast nánar um hugtakið fordæmi til bókar minnar *Um fordæmi og valdmörk dómstóla*.¹

11

Þegar Hæstiréttur tók til starfa árið 1920 voru dómara fimm talsins, dómstjóri og fjórir meðdómendur svo sem það var nefnt. Þá dæmdu allir dómarnir í öllum málum. Dómurum var tímabundið fækkað í þrjá árið 1926, og stóð svo allt til ársins

12 1945 þegar þeim var aftur fjölgað í fimm. Með lagabreytingum næstu áratugi á eftir var dómurum fjölgað smám saman þar til þeir urðu níu talsins með lögum nr. 39/1994. Fyrstu áratuginu sátu allir dómárárar réttarins jafnan í dómi. Það mun hafa verið fyrst á árinu 1973² að heimilað var með lögum að einungis hluti þeirra tæki þátt í meðferð einstaks máls þegar heimild var veitt til þess að þrjú dómárárar sætu í dómi.³ Nú er lagareglur um skipulag og starfsemi Hæstaréttar Íslands aðallega að finna í II. kafla (4.–11. gr.) laga nr. 15/1998 um dómstóla (DL), köflum XXIV.–XXVII. (143.–169. gr.) laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála (EML) og köflum XXX.–XXXIII. (192.–215. gr.) laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála (SML).

FJÖLSKIPADUR ÆÐSTI DÓMSTÓLL

ALLAR þjóðir sem skyldar eru okkur Íslendingum 13
að menningu og lögum hafa þann hátt á að
æðstu dómstólar þeirra eru fjölskipaðir eins og
reyndin er hér á landi. Tilgangurinn með þessu
er augljóslega sá að skjóta traustum stoðum undir
dómna, ekki síst vegna fordæmisgildis þeirra og
draga úr líkum á mistökum.

Þetta fyrirkomulag hvílir á þeirri forsendu að
hverjum og einum dómara, sem situr í hinum
æðsta dómstóli, beri skylda til þess að taka sjálf-
stæða afstöðu til sakarefnis málanna og greiða
atkvæði í samræmi við hana. Ákvæði 2. mgr. 165. gr.
EML eru greinilega á þessu byggð. Sé ágreiningur
fyrir hendi milli dómara er þeim að sjálfsgöðu skylt
að ræða hann í þaula til þess að öðlast nákvæman
skilning á því í hverju hann liggur. Slíkar samræður
geta líka orðið til þess að eyða ágreiningi, þegar
dómarar láta sannfærast af betri rökum annarra
dómenda.

Sé ágreiningur enn til staðar eftir að dómarar
hafa borið saman bækur sínar ber þeim sem verður
í minnihluta skylda til þess að skila sér atkvæði. Af
reynslu minni sem dómari við Hæstarétt Íslands
er mér ljóst að þessari grunnhugsun er ekki fylgt
við dómsýsluna þar. Fremur er reynt að bræða
saman sjónarmið dómaraanna með einhvers konar


samningi þeirra á milli, stundum með þeirri afleiðingu að forsendur dóms verða óskýrar og jafnvel torskildar. Raunar er það svo að þeir dómáramur sem hafa leitast við að framfylgja þeirri frumskyldu í störfum sínum sem hér hefur verið lýst, með því að skila sératkvæðum, hafa mátt sæta opinberri gagnrýni fyrir það, eins ótrúlega og það kann að hljóma.

Fyrir þessari viðleitni til þess að bræða saman sjónarmiðin eru sjálfsagt ýmsar ástæður. Sú veigamesta er líklega málafjöldinn. Hver dómari við réttinn situr að jafnaði í þremur munnlega fluttum málum í viku hverri. Þar að auki dæmir hann í kærumálum, sem eru skriflega flutt. Það fer eftir atvikum hversu mörg þau eru á hverjum tíma, en sum þeirra eru afar skjalarík og erfið viðfangs, ekki sist nú um stundir þegar fjallað er um fjölbreytileg mál sem eiga rót sína að rekja til þeirra alvarlegu efnahagslegu áfalla sem þjóðin varð fyrir á árinu 2008. Fyrir héraðsdómi er leyst úr efnislegum ágreiningi í málum á sviði fullnusturéttar og skiptameðferðar á þrotabúum með úrskurðum, sem sæta kærui til Hæstaréttar og eru flest þessara mála sem þangað berast því skriflega flutt. Álagið á dómara Hæstaréttar við að leysa úr öllum þessum málum er alltof mikið eins og nánar verður nú vikið að.

MÁLAFJÖLDI OG ÞRIGGJA DÓMARA KERFI

ÁRSSKÝRSLUR Hæstaréttar Íslands sýna að undan- 15
farin ár hefur málafjöldi við réttinn vaxið svo um munar.⁴ Árið 2003 bárust 497 ný mál til réttarins. Það ár voru kveðnir upp 440 dómur. Sambærilegar tölur fyrir árið 2010 eru 726 ný mál og 710 dómur og fyrir árið 2012 eru þær 770 og 710. Þó að tölurnar hlaupi eðlilega eitthvað upp og niður milli einstakra ára er samt ljóst að þróunin til lengri tíma hefur öll verið upp á við í fjölda mála. Við þessu hefur verið brugðist með fjölgun dómara en einnig með því að ákveða að skipa að jafnaði færri dómara til meðferðar einstakra mála en fyrir. Mér sýnist að síðustu ár hafi 75–80% af munnlega fluttum málum verið dæmd af þremur dómurum.

Á síðustu árum eru dæmi um að hver og einn dómari hafi dæmt í allt að 330 málum á ári. Þetta er með öllu óviðunandi ástand. Það hefur leitt til þess að einstakir dómara hafa, að minnsta kosti sumir hverjir, alls ekki haft tæk á að sinna öllum málunum af þeirri kostgæfni og á þann sjálfstæða hátt sem nauðsynlegt er samkvæmt þeim sjónarmiðum sem fyrir var getið. Þeir freistast þá til þess að treysta um of á aðra dómara, einkum frummælandann í málinu, en það er sá dómari sem fyrirfram hefur verið valinn til þess að skrifa dómsatkvæði, sbr. 2. mgr. 165. gr. EML.



Drír en ekki fimm

Síðustu ár hafa 75–80% af munnlega fluttum málum verið í Hæstarétti dæmd af þremur dómurum. Það er fækkun frá því sem áður var og dregur úr fordæmisgildi dómanna.

Dómararnir eru líka, eins og gengur, misatkvæðamiklir þegar fjallað er um málin. Sumir eiga stundum erfitt með að gera upp hug sinn og eru þá eftir atvikum líklegir til fylgilags við aðra í hópnum sem hafa ákveðnari skoðanir. Er ekki útilokað að þá geti jafnvel persónuleg tengsl milli manna skipt máli við hlið hinna lögfræðilegu sjónarmiða. Það er einnig óhjákvæmilegt að hafa orð á því, að dómararnir sjálfir, þar á meðal þeir sem stjórna starfsemi dómstólsins, virðast telja það markmið í sjálfu sér að dómararnir séu sammála um niðurstöður og að forðast beri sératkvæði. Ég tel ekki vafa leika á að þetta hefur einatt valdið því að einstakir dómara hafi sveigt af þeirri lögfræðilegu leið, sem þeim hefur fundist réttust, í þágu samstöðunnar í hópnum. Menn geta velt því fyrir sér hvort þetta sé sá háttur sem þeir vilja að starfað sé eftir í fjölskipuðum áfrýjunardómstólum. Verður síðar vikið nánar að atriðum sem þessu tengjast.

MÉÐ lögum nr. 12/2011 um breytingu á DL var dómurum við Hæstarétt fjölgað tíma-bundið úr níu í 12 frá 1. mars 2011. Var þetta gert til þess að bregðast við auknum málafjölda og álagi sem fyrirsjáanlegt var á þessum tíma, aðallega vegna efnahagslegra áfalla sem Íslendingar urðu fyrir á árinu 2008. Í þessum lögum var kveðið svo á að færa skyldi dómara fjöldann til fyrra horfs á þann hátt að ekki skyldi skipa í embætti hæstaréttardómara, sem losnuðu eftir 1. janúar 2013, fyrr en þess gerðist þörf til þess að þeir yrðu ekki færri en níu.

Þegar leið að lokum ársins 2012 var talið að enn þyrfti að gera sérstakar ráðstafanir í lögum til þess

að ráða við hinn aukna málafjölda. Kúfurinn hafði ekki gengið yfir með þeim hraða sem menn höfðu vonað. Með lögum nr. 138/2012 um breytingu á DL var haldið óbreyttu því ákvæði laganna frá 2011 sem kvað á um að ekki skyldi eftir 1. janúar 2013 skipa nýja dómara í stað þeirra þriggja sem fyrstir hættu. Hins vegar voru rýmkaðar heimildir til þess að kalla inn varadómara. Fólst það í því að heimilað var að setja varadómara í mál þó að hann væri orðinn 70 ára og einnig því að sett var í löginn tíma- bundin heimild fyrir ráðherra til þess að skipa samkvæmt tillögu forseta Hæstaréttar varadómara til þess að taka sæti í tilteknu máli við dóminn, þótt sæti einskis hæstaréttardómara væri autt vegna vanhæfis, leyfis eða forfalla, sbr. 5. gr. laga nr. 138/2012. Er kveðið svo á að þessi síðast greinda heimild skuli falla úr gildi 31. desember 2015, sbr. 6. gr. sömu laga.

Staðan, að því er fjölda dómara og skipan í einstök mál varðar, er þá sú núna að dómstóllinn starfar að mestu leyti í fjórum þriggja manna deildum. Virðist ætlunin vera sú að skipa varadómara í einstök mál í stað þeirra þriggja föstu dómara sem fyrstir hætta eftir 1. janúar 2013. Þetta varadómara-kerfi er að mínum dómi eitt og sér afar varhuga-vert svo ekki sé meira sagt. Verður meðal annars vikið að því hér á eftir. Við blasir að þriggja dómara kerfið sé að festast í sessi hvort sem dómara verða til frambúðar níu eða tólf. Menn þurfa þá að svara því hvort Hæstiréttur geti við þessa skipan mála gegnt hlutverki sinu sem fordæmisskapandi dóm-

stóll. Nauðsynlegt er að hafa næst nokkur orð um það hlutverk réttarins.

FORDÆMISDÓMSTÓLL

20 ÞEKKTUR dómari við Hæstarétt Bandaríkjanna lét eitt sinn orð falla eitthvað á þá leið að það væru ekki aðilar dómsmálsins sem til meðferðar væri hverju sinni sem skiptu mestu máli fyrir verk hæstaréttarins. Úrlausn hans varðaði réttarkerfið í heild og þar með talda sambærilega hagsmuni allra annarra sem við það búa í nútíð og framtíð, þó að þeirra hagsmunir væru ekki að sinni til meðferðar fyrir dómi. Þessi orð lýsa eðli starfa hins fordæmisskapandi dómstóls. Lögskýringar hans hafa almennt gildi fyrir réttarsamfélagið sem hann starfar í.


Öll réttarkerfi, sem vilja standa undir nafni, þurfa á slíkum dómstól að halda; dómstól sem tekur til landsins alls (eða þess réttarsvæðis sem hann starfar á) og er öðrum dómstólum æðri að því leyti að hann hefur vald til þess að endurskoða dóma þeirra. Slíkur dómstóll stuðlar að samræmi í lagaframkvæmd, en það er einmitt grunnforsenda í réttarríkjum að almennar reglur, sem eru þær sömu fyrir alla, gildi um sambærileg atvik. Á Íslandi á Hæstiréttur að gegna þessu hlutverki.

Hvað felst í því að dómur er talinn hafa gildi sem fordæmi? Um þetta hefur margt verið skrifað og skrifað, meðal annars um hvort fordæmi teljist til bindandi réttarheimilda. Ég fjalla meðal annars um

Þetta í fyrrgreindri bók *Um fordæmi og valdmörk dómstóla*. Þess gerist ekki þörf að ræða ítarlega um þetta hér. Ég vísa til bókarinnar en læt hér við það sitja að segja það sem fyrr greindi að í fordæmi felist fyrirheit um að úr sambærilegu álitaeefni verði að óbreyttum lögum leyst með sama hætti ef á það reynir í framtíðinni. Þetta fyrirheit byggist ekki síst á því að sömu dómara, það er þeir sem skipa hinn æðra dómstól, muni dæma í nýju máli þar sem reynir á sama álitaeefni. 21

Lítum næst á skyldu hvers einstaks dómara sem situr í Hæstarétti. Frumskylda hans er auðvitað að dæma eftir bestu vitund. Við úrlausn málanna beitir hann lögfræðiþekkingu sinni. Eitt af því sem hann þarf að huga að er vissulega að gæta samræmis í lagaframkvæmdinni, enda standa lagareglur til þess, eins og áður sagði, að sömu reglur skuli gilda um sambærileg úrlausnarefni. En ef í odda skerst milli þeirrar lögskýringar sem dómari telur rétta og samræmisins, hvað á hann þá að gera?

NÚ ERU hæstaréttardómarar tólf talsins. Flest mál eru svo sem áður sagði dæmd af þremur dómurum. Hvað á dómari að gera ef svo stendur á að þrír aðrir dómara við réttinn hafa nýlega staðið að dómi í sambærilegu máli og því sem hann fæst við en hann er á annarri skoðun en þeir um lögskýringuna sem beitt var? Á hann að hlýða samvisku sinni og dæma eftir bestu vitund eða á hann að beygja sig í þágu samræmisins? Hvað ef hann telur að meirihluti dómara ella séu sammála sér? Skiptir það máli? Hvernig á hann þá að kanna þetta? Í fyrri dómnum gætu tveir dómara hafa myndað



Opnar dyr

Allir eiga aðgang að dómhúsi réttlætisins þó að þeir geti stundum orðið fyrir vonbrigðum með úthlutun þess þegar inn er komið.

meirihluta en einn skilað sératkvæði. Þeir sem vilja að dómari lúti kröfunni um samræmi hljóta að telja að þeir dómara sem fyrir tilviljun fjalla fyrstir um lögskýringuna ráði henni, sama hversu margir þeir voru. Líklega telja ekki margir að svo skuli vera. Að minnsta kosti geri ég það ekki.

Á undanförunum árum má finna dæmi um að misræmis hafi gætt í dómsúrlausnum réttarins í sambærilegum málum og virðist þá hafa skipt máli hvaða dómara setið hafi í dómi. Slíkt ósamræmi er óhjákvæmileg afleiðing af þriggja dómara kerfinu, en einnig má leita skýringa í allt of miklum málafjölda sem rétturinn þarf að takast á við og því álagi sem því fylgir. Svona tilvik eru sjálfsagt skaðlegust þegar um er að ræða sakarefni sem hafa mikla almenna þýðingu í öðrum lögskiptum en aðeins þeim sem dæmt er um.

Hér skulu nefndir til sögunnar tveir dómara, sem kveðnir voru upp með um það bil eins árs millibili og vörðuðu báðir túlkun á skilmálum í skuldbréfum með gengisákvæðum. Sá fyrri gekk 9. júní 2011 í máli nr. 155/2011 (Þrotabú Motormax ehf.) og sá síðari 15. júní 2012 í máli nr. 3/2012 (Háttur ehf.). Hæstiréttur var skipaður sjö dómurum í báðum þessum málum. Skiptist dómurinn 4-3 í bæði skiptin. Í fyrra málinu taldi meirihluti dómara skuldbindinguna sem um var deilt vera í íslenskum krónum miðað við gengi erlendra gjaldmiðla og væri hún því ógild að því marki. Þessu var minnihlutinn ósammála og taldi skuldbindinguna vera um endurgreiðslu í erlendri mynt og því gilda.⁵ Í síðara málinu komst meirihlutinn hins vegar að

þeirri niðurstöðu að skuldbinding væri í erlendri mynt og því gild. Vekur athygli að rétturinn var skipaður sömu dómurum í bæði skiptin að einum undanskildum. Réðst niðurstaða í báðum tilvikum af atkvæði þessa eina dómara þannig að sá sem kom nýr inn í síðara málið greiddi þar atkvæði með þeim sem orðið höfðu í minnihluta í fyrra skiptið og myndaði nú meirihluta með þeim. Í forsendum síðari dómsins er að finna samanburð við sakarefni fyrra málsins og talið að atvik hafi í nokkrum greinum verið önnur í hinu yngra máli. Allt að einu verður þeim sem kynna sér þessa dóma ljóst að meginmunurinn á milli dómanna felst í mismunandi afstöðu dómara til sakarefnisins.

MILLIDÓMSTIG

EINHUGUR

AFUNDI sem fjögur stærstu félög lögfræðinga á Íslandi, Ákærendafélag Íslands, Dómarafélag Íslands, Lögfræðingafélag Íslands og Lögmannafélag Íslands héldu þann 8. október 2010 var fjallað um stofnun millidómstigs á Íslandi. Fundurinn var fjölsóttur og kom fram á honum mikill einhugur um að stofna bæri millidómstig sem tæki bæði til einkamála og sakamála. Dómsmálaráðherra (nú innanríkisráðherra) var á fundinum og lýsti jákvæðri afstöðu sinni til málsins. Í framhaldi fundarins munu stjórnir allra félaganna hafa sent ráðherra erindi þar sem skorað var á hann að beita sér fyrir þessum umbótum.

Hinn 13. desember 2010 skipaði ráðherrann síðan vinnuhóp til þess að fylgja málinu eftir.⁶ Voru hópnum gefin fyrirmæli um að taka til skoðunar þörfina á að setja á fót hér á landi millidómstig sem tæki bæði til sakamála og einkamála, kosti þess og galla og hvernig slíku millidómstigi væri best fyrir komið auk þess að leggja mat á þann kostnað sem slíku væri samfara.

Vinnuhópurinn skilaði yfirgripsmikilli skýrslu sinni til innanríkisráðherra í júní 2011. Í skýrslunni er að finna fróðleik um dómstólaskipan og starfs-hætti dómstóla í Danmörku, Noregi og Svíþjóð auk Íslands. Þá eru bornir saman ýmsir valkostir til

umbóta á Íslandi og tíunduð rök með og á móti kostunum. Hópurinn var einhuga um að leggja til að ráðist yrði í stofnun millidómstigs en skiptist síðan í afstöðu til þess hvort strax ætti að láta það ná bæði til einkamála og sakamála eða eingöngu sakamála. Lesendum er bent á að kynna sér efni þeirrar ágætu samantektar sem birtist í skýrslunni.⁷

ÚRRÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA

SVO SEM fyrr var nefnt var dómurum við Hæstarétt tímabundið fjölgað í 12 með lögum nr. 12/2011. Einhverra hluta vegna var þá ekki talið unnt að leita úrlausnar á vandanum, sem við var að etja, með þeirri leið sem allir virtust aðhyllast; að stofna millidómstig til þess að fjalla almennt um mál á öðru dómstigi en láta Hæstarétt aðeins fjalla um stærstu og þýðingarmestu málin, þar sem gildi dóms sem fordæmis er mest. Sú aðgerð myndi leyfa verulega fækkun dómara við Hæstarétt frá því sem nú er.⁸ Hverjar sem ástæðurnar voru varð niðurstaðan sú að slá varanlegum úrbótum á frest en gera þess í stað vegna málafjöldans úrbætur til bráðabirgða. Þetta jók bara á ringulreiðina, alvarlegasta þáttinn í þeim vanda sem við er að etja.⁹

BRÝN BREYTING

BRÝNA nauðsyn ber til þess að þegar í stað verði ráðist í þá breytingu á dómstólaskipan landsins að stofnað verði millidómstig, sem taki bæði til einkamála og sakamála. Þetta ætti að verða einn dómstóll sem tæki til landsins alls. Tel ég að



Langur texti

Þegar sjónarmið eru brædd saman þarf stundum mörg orð og mikinn pappír. Af því leiðir oftast að forsendur dóms verða óskýrar.

Hæstiréttur ætti eftir breytinguna að verða skipaður fimm dómurum sem allir dæmdu í öllum málum, enda fyrirsjáanlegt að málunum sem til Hæstaréttar færu myndi fækka að mun.¹⁰

Að undanfögnu hafa komið til kasta Hæstaréttar mál, sem varða úrlausnir á þýðingarmiklum álita-
málum sem tengjast efnahagshruninu. Rétt hefði verið að hrinda þessum nauðsynlegu breytingum í framkvæmd áður en þau tóku að berast til réttarins, enda sjá væntanlega allir hversu þýðingarmikið það er að treysta stoðir dómskerfisins til þess að fjalla um hin þýðingarmestu mál. En betra er seint en aldrei. Ennþá eru ódæmd mál sem tengjast efnahagshruninu þar sem ætla má að reyna muni á þýðingarmikil grundvallaratriði og hagsmuni margra. Þó að þeim málum ljúki munu að sjálf-sögðu áfram verða til meðferðar mikilvæg fordæmis-mál. Það er því brýnt að þegar sé ráðist í að hrinda hugmyndum um millidómstig í framkvæmd. Fyrir liggur að kostnaður við stofnun þess er mun minni en margur hyggur.

Fækkun dómara við Hæstarétt má ná fram með því að skipa ekki nýja dómara í stað þeirra sem næstir hætta. Önnur leið og fljótvirkari gæti verið að breyta núverandi Hæstarétti í millidómstig og skipa Hæstarétt alveg á ný. Þetta væri heimilt að gera með almennum lögum, sbr. 61. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem heimilað er að umboðsstarfalausir dómáráðar séu fluttir í önnur embætti, þegar svo stendur á að verið er að koma nýrri skipan á dómstólana. Breytingin sem fælist í stofnun millidómstigs fellur áreiðanlega undir að vera slík breyting. Þær lausnir

til bráðabirgða, sem gripið hefur verið til með tíma- bundinni fjölgun dómara, hafa leitt til þess að nauðsynlegum endurbótum hefur verið slegið á frest. Brýnt er að svo verði ekki gert áfram.

HVERT MÁL AÐEINS Á TVÖ DÓMSTIG

ÞRÁTT fyrir að hinu þriðja dómstigi yrði komið á 29 með millidómstiginu er að mínu áliti réttast að viðhalda þeirri meginreglu að hvert mál skuli aðeins fara á tvö dómstig. Líklega væri besta leiðin sú að öll mál byrjuðu á neðsta dómstigi. Dómum þess yrði síðan skotið til millidómstigs að uppfylltum almennum lögfestum skilyrðum, eins og nú eru í gildi um rétt til málskots til Hæstaréttar. Þessu til viðbótar ætti að vera fyrir hendi möguleiki á að skjóta dómi af fyrsta dómstigi beint til Hæstaréttar samkvæmt leyfi sem Hæstiréttur veitti. Í lögum yrði þá kveðið á um hvaða megin skilyrði þyrftu að vera uppfyllt til þess að slík leyfi yrðu veitt. Þar myndi mat á mikilvægi máls fyrir réttarkerfið í heild (fordæmisgildi dóms) mestu máli skipta.

Þrátt fyrir að meginreglan yrði sú sem að framan getur, að hvert mál fari aðeins á tvö dómstig, eru sum mál þannig vaxin að heimila mætti áfrýjun til Hæstaréttar sem þriðja dómstigs eftir að þau hefðu hlotið meðferð á millidómstigi. Til slíks ætti alltaf að þurfa leyfi Hæstaréttar.¹¹

Lögin myndu þá kveða á um almenn skilyrði þess að slíkt mætti leyfa. Þar ætti fordæmisgildið að skipta mestu þó að ef til vill ætti líka að vera unnt að taka tillit til verðmætis hagsmuna og sérstakrar þýðingar málsúrslita fyrir málsaðila, einkum ef

talið er að dómi millidómstigs kunni að verða breytt svo einhverju nemi. Gætu þetta verið svipuð skilyrði þeim sem nú gilda við veitingu áfrýjunarleyfis, þegar krafa nær ekki áfrýjunarfjárhæð, sbr. 4. mgr. 152. gr. EML.

VARADÓMARAR

UNDANTEKNINGARREGLA

LENGI hefur í lagaákvæðum um Hæstarétt Íslands verið að finna ákvæði um skipan varadómara til þess að taka sæti í einstökum málum. Öllum ætti að vera ljóst að heimild ráðherra til þess að kalla inn varadómara í Hæstarétt er afar varhugaverð. Það verður að teljast grundvallaratriði í réttarríkjum að dómara, einkum við æðsta dómstólinn, séu óháðir og hafi sjálfstæða stöðu.¹² Hér skal einnig minnt á reglu 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár þar sem segir að öllum beri réttur til þess að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli.

Æviskipun dómaranna er ekki síst tilkomin vegna sjónarmiða af þessum toga. Þeir eru taldir hafa sjálfstæðari stöðu ef þeir þurfa ekki að sæta uppsögn úr starfi eða sækja endurnýjað umboð til starfa með reglubundnu millibili. Dómstólar dæma um embættistakmörk yfirvalda samkvæmt 60. gr. stjórnarskrárinnar; þeir dæma um hvort lög fari í bága við stjórnarskrá; þeir dæma um hvort lagaheimildir séu fullnægjandi fyrir afskiptum handhafa ríkisvaldsins af réttindum manna eða hvort gengið sé of langt í að takmarka mannréttindi þeirra. Þá dæma dómstólar í hvers kyns málum sem borgarar eiga í við handhafa ríkisvalds, hvort



Val á þeim fimmta

Þegar vantar mann til að hlaupa í skarðið og fylla hópinn velur forseti hann. Fyrirfram er ekki líklegt að sá sem valinn er skeri sig úr hópnum.

sem þau eru á sviði einkaréttar eða opinbers réttar. Ráðherrar í ríkisstjórn gæta beint eða óbeint þeirra opinberu hagsmuna sem dæma þarf um í málum borgaranna gegn ríkisvaldinu. Heimild eins þessara valdsmanna til þess að skipa varadómara er varhugaverð svo ekki sé meira sagt. Slík heimild ætti að vera undantekningarregla sem aðeins yrði gripið til þegar alveg sérstaklega stæði á.

33

Nú er ákvæði um kvaðningu varadómara að finna í 1. mgr. 8. gr. DL. Samkvæmt ákvæðinu er heimildin bundin við þau tilvik að hæstaréttardómari sé vanhæfur til þess að skipa dóm í máli eða hann fái leyfi eða forfallist frá störfum um skamman tíma. Svo sem fyrir sagði var með 5. gr. laga nr. 138/2012 bætt nýrri grein, 46. gr., í DL sem rýmkaði tímabundið skilyrðin til þess að skipa varadómara í mál. Ákvæðið hljóðar svo: *Ef sérstaklega stendur á vegna anna má ráðherra, þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 8. gr., skipa varadómara samkvæmt tillögu forseta Hæstaréttar til þess að taka sæti í tilteknu máli við dóminn þótt sæti einskis hæstaréttardómara sé autt vegna vanhæfis, leyfis eða forfalla.*

Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til DL 1998 var meðal annars sagt svo um heimildina til þess að skipa varadómara: *Í upphafi 1. mgr. 8. gr. er gengið út frá því að varadómari verði kvaddur til ef reglulegur dómari er vanhæfur til þess að sitja í máli eða fær leyfi eða hefur forföll um skamman tíma. Varðandi þessa talningu á tilefnum fyrir kvaðningu varadómara, sem er samsvarandi fyrirmælum í upphafi 1. mgr. 4. gr. laga*

nr. 75/1973,¹³ er rétt að taka fram að í framkvæmd er varadómari yfirleitt ekki kvaddur til þótt einhver reglulegu dómara völdum við Hæstarétt sé vanhæfur til þess að taka sæti í máli, því að öðru jöfnu er slíkt leyst með því að annar reglulegur dómari taki sæti hans. Varadómari er því yfirleitt ekki kvaddur til af þessu tilefni nema það takist ekki að fylla sæti dómara vegna forfalla eða vanhæfis fleiri en eins reglulegs dómara. Með frumvarpinu er ekki ráðgert að breyting verði á þeirri framkvæmd.

OFNÝTT HEIMILD

UNDANFARIN ár hefur heimildin í 1. mgr. 8. gr. DL til þess að skipa varadómara í mál verið mun meira notuð en ráð var fyrir gert í framangreindum athugasemdum með frumvarpi til laganna. Heimildin hefur þannig oft verið nýtt, þó að í sjálfu sér hafi verið unnt að fullskipa dóm í viðkomandi máli reglulegum hæstaréttardómurum. Það eitt hefur verið látið duga til notkunar á heimildinni að hennar hafi verið þörf til þess að ná því markmiði sem gilt hefur við dómstólinn, að hver dómari sitji í þremur munnlega fluttum málum í hverri viku. Slík beiting reglunnar fær ekki staðist.

Þeir sem kvaddir eru til sem varadómara gera sér sumir hverjir vonir um að verða kvaddir til slíkra starfa á ný, enda er það regla fremur en undantekning að sömu einstaklingarnir séu tilkvaddir aftur og aftur. Það er andstætt þessum hagsmunum þeirra að vera með „uppsteyt“ ef svo má að orði komast. Þeir hafa því, eins og reynslan sýnir, ríka tilhneigingu til þess að fylgja meirihluta

dómaranna sem fyrir eru að málum. Hafa þeir sjálfsagt orðið varir við andúð flestra hinna reglulegu dómara á sératkvæðum. Líklega eru engin dæmi frá síðari árum um að varadómari hafi orðið í minnihluta í dómi og skilað sératkvæði. Sá sem þannig hagaði sér þyrfti sjálfsagt ekki að gera ráð fyrir að verða kvaddur aftur til starfa.¹⁴

35

Því er ekki haldið fram hér að umrædd heimild til þess að skipa varadómara sé í sjálfu sér andstæð stjórnarskránni. Það er hins vegar alveg ljóst að vegna grundvallarsjónarmiða í réttarríkjum um hlutlausu stöðu dómara er skylt að beita þessari heimild af ýrustu varfærni. Því fer fjarri að svo hafi verið gert á undanförunum árum.¹⁵

KUNNINGJAGÆSKA

Í 1. MGR 8. gr. DL er kveðið á um að varadómari skuli vera úr röðum héraðsdómara, prófessora í lögum, hæstaréttarlögmannna eða fyrrverandi dómara við Hæstarétt. Valdið til þess að ákveða hvern kveðja skuli er í reynd í höndum forseta réttarins enda er það hann einn sem skal gera tillögu til ráðherra um varadómara. Ekki er auðvelt að átta sig á hvaða meginsjónarmið hafa verið látin ráða vali á varadómurum undanfarni ár. Þegar athugað er hvaða lögfræðingar hafa verið kvaddir til er ekki laust við að sú tilfinning vakni að helst hafi þeir orðið fyrir valinu sem fallið hafa forseta réttarins á hverjum tíma persónulega í geð. Allir lögfræðingar sem fylgjast með starfi Hæstaréttar hljóta að vita hvað hér er átt við, hvort sem þeir eru í hópi

héraðsdómara, málflutningsmanna eða laga-
kennara.

36 Miklu máli getur skipt hvernig farið er með
valdið til þess að skipa varadómara. Framkvæmdin
sem á þessu er og hefur verið undanfarin ár er að
mínum dómi ótæk. Í ljósi reynslunnar væri líklega
betra að fullskipaður dómarafundur í Hæstarétti
tæki ákvarðanir um þetta fremur en að forseta
réttarins sé látið það einum eftir, en til þess þyrfti
lagabreytingu, því samkvæmt 1. mgr. 8. gr. DL
skipar ráðherra varadómara samkvæmt tillögu
forseta.

ÓHEPPILEG RÝMKUN Á HEIMILD

MÉÐ vísan til þess sem hér hefur verið sagt má
ljóst vera að rýmkun sú til bráðabirgða á
heimildinni til þess að kalla til varadómara, sem
leidd var í lög með lögum nr. 138/2012 og framar
var lýst, er óheppileg, svo ekki sé fastar að orði
kveðið. Þessi heimild felur í sér að fram til
ársloka 2015 skuli ráðherra vera heimilt að skipa
varadómara að tillögu forseta Hæstaréttar eftir
efnum og ástæðum hverju sinni.

Ekki er ólíklegt að notkun þessarar heimildar
muni verða tíðari eftir því sem líður á þetta
tímabil, því búast má við að einhverjir hinna föstu
dómara muni láta af störfum á næstu misserum
og þá er yfirlýst stefna að fylla í skarð þeirra með
nýtingu heimildarinnar. Þennan tíma á æðsti
dómstóll þjóðarinnar í meira mæli en nokkru sinni
fyrir að vera skipaður tilkvöddum varamönnum
sem hafa hreint ekki þá stöðu sem meginreglur



Áttaviti

Sá dómari er vel settur sem skilur grunnreglurnar sem eiga að vísa veginn og beitir þeim við störf sín við leitina að hinni lögfræðilegu niðurstöðu.

stjórnskipunar landsins gera ráð fyrir að dómara-
við æðsta dómstól þjóðarinnar skuli hafa.

38 Spyrja má: Hvernig stendur á því að ekki er þegar
ráðist í að stofna millidómstól? Á því eru ekki
nokkur vandkvæði.¹⁶ Á næstu árum munu koma til
úrlausnar mörg þýðingarmikil mál sem afar brýnt
er að dómskerfið geti fengist við á þann hátt sem
einhugur er um að sé æskilegur. Íslendingar virðast
vera of uppteknir af alls konar dægurmálum og
þrasi sem litla þýðingu hafa fyrir velferð fólksins
í landinu. Verður ekki séð að þeir ætli að ráðast í
nauðsynlegar réttarbætur á dómskerfinu fyrr en
búið verður að dæma í stórum málum, sem gjarnan
eru tilgreind sem ástæða þess að laga þurfi kerfið.

SKIPUN NÝRRA DÓMARA VIÐ HÆSTARÉTT

BESTA STARFSREYNSLAN

39

ÞAD er að jafnaði talinn kostur þegar ráða skal mann í vinnu, að hann hafi starfsreynslu á því verkefni sem um ræðir. Það er að mínum dómi augljós kostur við umsækjanda um dómara starf að hann hafi reynslu af rekstri dómsmála, hvort sem það er af málflutningi eða dómsýslu.

Í febrúar árið 2000 flutti ég stutt erindi á fundi hjá félögum dómara og lögmanna sem bar heitið „Hverjir verða dómara framtiðarinnar?“¹⁷ Þar var komist að þeirri niðurstöðu, að það væri að öðru jöfnu besti undirbúningurinn fyrir dómara starf við Hæstarétt að hafa verið málflytjandi. Hvers vegna? Jú, málflytjendurnir hefðu unnið á gólfinu í lestinni ef svo mætti segja. Þeir hefðu unnið við að leggja málín fyrir, bæði af hálfu stefnenda og stefndu. Þannig hefðu þeir samið dómkröfurnar, sem vissulega eru kjarni hvers dómsmáls, og ákveðið á hverju þær skyldu byggðar. Skjólstæðingar lögmanna væru fjölbreyttur hópur, einstaklingar, félög og opinberar stofnanir. Málín spönnuðu hin margvíslegu svið réttarins. Þeir hefðu unnið við harðan aga, þar sem allir þættir verka þeirra hefðu legið undir gagnrýni og þeim síðan refsað miskunnarlaust fyrir hvers kyns mistök.

Þennan harða skóla taldi ég góðan undirbúning fyrir dómara starfið. Næst þessu kæmu héraðs-dómarar. Þeirra reynsla væri líka fengin frá alls konar lögfræðisviðum. Á sinn hátt hefðu þeir líka unnið á lestargólfinu. Ég hef ennþá sömu skoðun á þessu.¹⁸

40 Á undanförunum árum hefur verið komið á því fyrirkomulagi við skipun nýrra dómara á Íslandi, þar með talinna dómara við Hæstarétt, að þeir umsækjendur sem eingöngu hafa starfað sem málflytjendur eða dómarar hafa verið settir skör neðar en þeir sem hafa víða komið við á starfsferli sínum. Þetta er að mínum dómi afleit aðferðafræði. Mér er ekki grunlaust um að núverandi aðferð við val á milli umsækjenda um dómara stöðu sé skilgetið afkvæmi hugmynda sem meirihluti sitjandi dómara við Hæstarétt hefur haft og ganga út á að ráðandi hópur við dómstólana eigi að ráða vali á nýjum dómurum.


DÓMNEFND

MED lögum nr. 45/2010 voru gerðar breytingar á þeim ákvæðum DL sem vörðuðu undirbúning að skipan nýrra dómara við Hæstarétt. Fram að breytingunni hafði verið kveðið á um að dómsmálaráðherra (nú innanríkisráðherra) skyldi, áður en hann skipaði í dómaraembætti, leita umsagnar Hæstaréttar um hæfi og hæfni umsækjenda til þess að gegna því. Yrði umsækjanda ekki veitt embættið ef í umsögn réttarins kæmi fram það álit að umsækjandi fullnægði ekki skilyrðum 5. eða 8. töluliðar 2. mgr. 4. gr. laganna. Í ljós kom, einkum í um-

sögn meirihluta réttarins 2004, að honum var ekki treystandi til þess að gæta hlutlægni í umsögnum sínum um dómaraefni. Óskinn um að fá að ráða því hver yrði skipaður varð verkskyldunni yfirsterkari. Má líklega telja réttinn sjálfan hafa með þessu verki sínu sýnt fram á, að hann væri ófær um að gefa umsagnir um hæfni umsækjenda og varð mönnum ljóst að gera yrði breytingar á þessu fyrirkomulagi. 41

Á fræðafundi í Lögfræðingafélagi Íslands 22. maí 2006 flutti ég erindi um skipun hæstaréttardómara og leitaðist við að sýna fram á þörf á lagabreytingum sem reynslan hefði sýnt að nauðsynlegt væri að gera.¹⁹ Visast til erindisins, meðal annars um ýmis sjónarmið sem að mínum dómi skipta miklu máli þegar undirbúin er skipun dómara. Mörg þeirra eru enn í fullu gildi, þó að tekið hafi verið upp nýtt fyrirkomulag á umsögnum um dómaraefnin.

Nýbreytni laganna nr. 45/2010 felst í því að koma með nýrri grein í DL, 4. gr. a, á fót fimm manna dómnefnd sem skuli láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti hæstaréttardómara. Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til þess að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna. Er kveðið svo á að tveir nefndarmanna skuli tilnefndir af Hæstarétti, þar af annar þeirra sem formaður nefndarinnar, og skal að minnsta kosti annar þessara nefndarmanna ekki vera starfandi dómari. Dómstólaráð tilnefnir þriðja nefndarmanninn en Lögmannafélag Íslands þann fjórða. Fimmti nefndarmaðurinn skal kosinn af Alþingi.



Völundarhús hinnar lögfræðilegu aðferðar
Stundum þarf að feta sig varlega gegnum marg-
brotið sakarefni í dómsmáli og er þá oft óljóst
þegar lagt er af stað hver áfangastaðurinn verður.

Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt. Skipunartími í nefndina er fimm ár en þó þannig að skipunartími eins manns rennur út hvert ár. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í nefndinni oftár en tvisvar samfleytt.

Í nefndu nýmæli DL er kveðið svo á að ráðherra skuli vera óheimilt að skipa í dómaraembætti mann sem dómnefnd hefur ekki talið hæfastan meðal umsækjanda, hvort heldur einn eða samhliða öðrum. Frá þessu megi þó vikja ef Alþingi samþykki tillögu ráðherra um heimild til þess að skipa í embættið annan nafngreindan umsækjanda sem fullnægi að mati dómnefndar öllum skilyrðum 2. og 3. mgr. 4. gr. DL. Ráðherra skuli þá leggja slíka tillögu fyrir Alþingi innan tveggja vikna frá því að umsögn dómnefndar er afhent honum eða innan þess tíma frá því að Alþingi kemur næst saman eftir að umsögn er fengin og verður tillaga að vera samþykkt innan mánaðar frá því að hún er lögð fram, ella er ráðherra bundinn af umsögn dómnefndar.

VALDAHÓPUR

NOKKRUM sinnum hefur komið til kasta hinnar nýju nefndar við skipun dómara við Hæstarétt eftir að lögunum var breytt. Verður ekki betur séð en nefndin hafi haft ríka tilhneigingu til þess að haga störfum sínum þannig að hún sé sjálf að velja þann umsækjanda sem hún telur æskilegt að fái embætti, fremur en að binda sig við að segja til um hæfni umsækjendanna. Auðvitað hefur verið reynt að klæða umsagnirnar í þann búning hlutlægni sem er augljós forsenda fyrir starfi svona nefndar.

Í reglum nr. 620/2010 sem settar voru um störf dómnefndarinnar samkvæmt heimild í breytingarlögunum 2010 er í 4. gr. kveðið á um sjónarmið sem mat dómnefndar skuli byggt á.²⁰ Eru þar talin upp matsatriði sem nefndin skuli taka afstöðu til. Sum þeirra skipta ljóslega miklu máli við mat á hæfni dómaraefnis en önnur litlu. Í 6. gr. reglnanna segir svo að dómnefndin skuli gefa skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur þar sem fram komi: a. rökstutt álit á hæfni hvers umsækjanda, og síðan b. rökstutt álit á því hvern eða hverja nefndin telur hæfasta til þess að hljóta embættið. Aðferðafræðin í umsögnum nefndarinnar hefur verið sú að reifa í löngu máli feril umsækjenda í námi og starfi. Er þá eðlilega notuð sama flokkun og tilgreind er í 4. gr. reglna nr. 620/2010. Síðan er umsækjendum raðað innbyrðis í hverjum flokki fyrir sig. Sú uppröðun byggist að því er virðist einkum á því hversu lengi viðkomandi hefur starfað á viðkomandi sviði, hversu mörg mál hann hafi flutt, hversu margar blaðsíður hann hafi skrifað í fræðirit eða bækur um lögfræði og svo framvegis. Í niðurstöðukafla umsagnar er þetta svo dregið saman með almennum orðum um hæfni umsækjenda og mat dómnefndar á henni. Verður ekki séð að sérstakt mat sé lagt á hvort umsækjandi hafi staðið sig vel eða illa í þeim störfum sem upp eru talin.

Það vekur sérstaka athygli að ekki skuli vera nein dæmi um að ágreiningur hafi orðið í nefndinni um niðurstöður hennar, þó að nefndarmenn hljóti í einhverjum tilvikum að hafa greint á. Einkum vekur undrun að fulltrúi Lögmannafélags Íslands í

nefndinni skuli ekki hafa gert opinberan ágreining um vinnubrögð hennar.

Það er staðreynd, sem lögmenn og starfandi dómáramur þekkja, að innan dómskerfisins hefur komið sér fyrir hópur manna sem hefur sýnt sig í að vilja ráða málum í dómssýslunni, hvort sem um ræðir starfshætti við dómstóla, réttarfarsreglur eða skipun nýrra dómara. Þessi hópur stjórnar Hæstarétti og réttarfarsnefnd²¹ og hefur oft og tíðum haft veruleg áhrif í dómstólaráði sem fer með stjórnssýsluvald yfir héraðsdómstólum, sbr. einkum 13. og 14. gr. DL. Þá hefur hann undirtökin í nefndinni sem fjallar um dómaraefni, enda tilnefna Hæstiréttur og dómstólaráð meirihluta nefndarmanna. Svo virðist sem nefndin noti flokkunarvald sitt mjög til þess að tryggja skipun dómara sem eru þessum valdahópi í dómskerfinu helst þóknanlegir. Einnig má greina ákveðna þjónkun við kynlæg sjónarmið sem vitað er að ráðherra hefur. Það er ekki endilega auðvelt að rekja dæmin, þar sem þetta hefur komið fram, enda málið viðkvæmt og snertir persónulega hagi þeirra sem fjallað hefur verið um í umsögnum nefndarinnar.²²

TVÖ DÆMI UM RÁÐSLAG DÓMNEFNDAR

HINN 27. apríl 2011 gaf nefndin umsögn um þá sem sóttu um þegar þrjú dómaraembætti við Hæstarétt höfðu verið auglýst vegna hinnar tíma- bundnu fjölgunar dómara sem fólst í lögum nr. 12/2011 sem fyrr voru nefnd.²³ Umsækjendur voru átta talsins en tveir drógu umsóknir sínar til baka

og komu því ekki við sögu í flokkun nefndarinnar. Nefndin setti tvo umsækjendur í efsta sæti og var því ráðherra skylt að skipa þá, en fara ella með málið fyrir Alþingi, sbr. 3. mgr. 4. gr. a DL eftir breytinguna með lögum nr. 45/2010. Nefndin taldi hins vegar ekki efni til þess að gera upp á milli hinna umsækjendanna fjögurra sem allir voru starfandi héraðsdómarar, tvær konur og tveir karlmenn.²⁴ Ráðherrann hafði því val milli þessara fjögurra þegar að því kom að skipa þriðja hæstaréttardómarann og skipaði hann aðra konuna.

NÆST var auglýst eitt embætti 15. júlí 2011. Nú sótti einn þeirra þriggja um sem settir höfðu verið í neðri flokkinn um vorið en ekki verið skipaðir (héraðsdómari A). Einnig sóttu þrír aðrir lögfræðingar um starfið, tveir héraðsdómarar og einn hæstaréttarlögmaður. Annar héraðsdómaranna er dómari (héraðsdómari B) sem hefur um nokkra hríð gegnt starfi dómstjóra við einn héraðsdómstólanna.

Þessi maður er og hefur um mörg ár verið einhver allra besta héraðsdómari landsins. Liggur alveg ljóst fyrir að aldrei hefði komið til greina að skipa honum neðar en í flokk dómara fjögurra ef hann hefði sótt um í fyrra skiptið, vorið 2011. En nú vék svo við að í umsögn sinni 3. október 2011 skipaði nefndin dómara A einum í efsta flokk.²⁵ Var auðvitað ekkert samræmi í þessu og fyrri niðurstöðu nefndarinnar nokkrum mánuðum fyrr. Ráðherra varð við þessa afgreiðslu skylt að skipa dómara A nema gera sérstakan ágreining við nefndina og bera málið undir Alþingi. Það gerði hann ekki

og var dómari A skipaður. Sá dómari er vel hæfur til dómstarfa og alls góðs maklegur. Það hefur heldur ekki spillt fyrir honum þegar nefndin vann að flokkun sinni að hann hafði lengi verið ritari réttarfarsnefndar og náninn samstarfsmaður nokkurra þeirra sem öllu vilja ráða við dómstólana. Þetta er augljóst dæmi um að umsagnarnefndin tekur til sín valdið sem henni hefur verið fengið og tryggir skipun „síns manns“.

47

Hinn 3. desember 2012 skilaði dómnefndin umsögn um fimm umsækjendur um embætti setts hæstaréttardómara sem auglýst hafði verið 2. október 2012.²⁶ Fjórar konur og einn karl, sá sami sem nefndur var héraðsdómari B í dæminu hér á undan, sóttu um. Ég er ekki einn um að telja að karlinn hafi borið af í hópnum um starfsreynslu og hæfni til þess að gegna starfinu. En dómnefndin hafði sýnilega öðrum erindum að sinna. Hún setti tvo af kvenumsækjendunum í efsta flokk ásamt karlinum. Reyndar vakti það ráðslag sérstaka undrun að því er aðra konuna snerti. Þar er vafalaust á ferðinni efnilegur lögfræðingur sem á vonandi eftir að njóta sín í ábyrgðarmiklum störfum í framtíðinni. Hún er hins vegar miklu yngri en hinir umsækjendurnir, algerlega reynslulaus í dómara starfi og með afar takmarkaða reynslu sem málflytjandi.

Ráða mátti af umsögn dómnefndarinnar að hér væri á ferðinni umsækjandi sem félli í kramið hjá valdáhópnum í dómskerfinu, sem fyrr var nefndur, því reynt var að gera hlut hennar mun betri en efni stóðu til. Þetta er sérstaklega áberandi þar sem fjallað var um málflytningsreynslu umsækj-



Átök fyrir dómi

Í dómsmálanum er oft tekist á um ríka hagsmuni og hart barist, en þó ekki með þeim tilburðum sem myndin sýnir. Þetta raskar ekki ró dómaraanna enda tilheyra þeir sömu „fjölskyldu“.

andans. Segir í umsögninni að umsækjandinn hafi á lögmannsferli sínum flutt tugi einkamála jafnt í héraði og fyrir Hæstarétti. Við athugun á heimasíðu Hæstaréttar kemur í ljós að umsækjandinn hafði, eftir að hún hlaut málflutningsréttindi við Hæstarétt, flutt þar 13 mál. Þar af voru 11 þar sem hún hafði verið réttargæslumaður fyrir brotaþola í sakamálu.²⁷ Tvö einkamál hafði hún flutt. Þó að umsækjandinn hafi vafalaust staðið sig vel í þessum störfum, eins og hún virðist einnig hafa gert í ýmsum öðrum störfum sínum, er ekki unnt að gefa þessari umfjöllun dómnefndarinnar annað en fallelkunn fyrir sakir hlutdrægni.²⁸

49

Greinilega átti að reyna að tryggja setningu þessa umsækjanda enda hefur nefndin þótt viss um að ráðherrann myndi vilja setja konu í embættið hvað sem hæfni liði. Hann sá reyndar við nefndinni með því að setja hina konuna sem dómnefndin hafði sett í efsta flokk. Umsækjandinn (héraðsdómari B), sem vafalaust hafði yfir mestri hæfni umsækjenda að ráða, lá hins vegar óbættur hjá garði. Ekki er auðvelt að segja til um hvort hann var látinn gjalda fyrir kynferði sitt eða eitthvað annað.

HVERNIG MÆLAST ÞEIR SJÁLFIR?

FRÓÐLEGT er að velta því fyrir sér hvernig þeir dómáramar sem lengst hafa setið í Hæstarétti undanfarin ár, og sátu þar árið 2004, myndu sjálfir mælast eftir þeim aðferðum sem þá voru teknar upp og dómnefndin notar nú við uppröðun umsækjenda. Ekki er víst að þeir myndu allir fara þar ofarlega á blað. Sumir þeirra höfðu, þegar þeir voru

skipaðir, litla sem enga reynslu af starfi við dómstóla, þó að jafnaði meiri reynslu af dómastarfi en málflytningu starfi, sem mér sýnist aðeins tveir hafa haft, þar af annar sem ríkislögmaður. Þá höfðu þeir sumir litið sem ekkert skrifað um lögfræði og litla sem enga reynslu af stjórnun eða setu í nefndum. Þetta er ekki sagt þessum dómurum til hnjóðs heldur þvert á móti til þess að árétta hversu fáfengilegur sá mælikvarði er á hæfni manna sem nefndin notar.

NEFND ÁN ÁBYRGÐAR

ÞAD fyrirkomulag við skipun nýrra dómara sem tekið hefur verið upp er alls ekki ásættanlegt. Í fyrsta lagi ber umsagnarnefndin enga ábyrgð á skipun dómara, þó að henni hafi í reynd verið gert kleift að taka sér beint ákvörðunarvald um skipun þeirra. Þá á ég við valdið sem felst í því að ráðherra sé bundinn af flokkun nefndarinnar nema gera sérstakan ágreining og bera hann undir Alþingi. Kannski má segja að formleg stjórnskipuleg ábyrgð á skipun dómara sé hjá ráðherra. Hann á hins vegar auðvelt með að skjóta sér undan henni með því einfaldlega að vísa til þess að hann hafi farið eftir flokkun ábyrgðarlausrar nefndarinnar.

Í öðru lagi liggur ljóst fyrir að þessi nefnd hefur ekki sýnt sig í að beita hlutlægum mælikvarða við umsagnir sínar, þó að reynt hafi verið að nota umbúðir sem bendi til þess að slíkur mælikvarði hafi verið notaður. Ekki verður betur séð en nefndin hafi látið það hafa greinileg áhrif á störf sín hvernig

umsækjendur falla í kramið hjá valdahópnum í dómskerfinu. Þetta ástand er með öllu óviðunandi.

ÆSKILEG NÝSKIPAN

ÉG TEL að taka beri upp á ný þá skipan að ráð-
herra ákveði hvern skipa skuli og beri hann
stjórnskipulega ábyrgð á þeirri stjórnarathöfn. Til greina kæmi að láta umsagnarnefnd segja til um hækni dómaraefna. Hæstiréttur eða ráðandi hópar innan dómskerfisins ættu hins vegar ekki að koma við sögu við skipan slíkrar nefndar. Hún gæti fremur verið skipuð samkvæmt tilnefningum frá félögum lögmanna og dómara og jafnvel fulltrúum frá lagadeildum háskólanna.

51

Starf svona nefndar ætti ekki að vera fólgið í að telja blaðsíðufjölda í skrifum um lögfræði eða fjölda nefnda sem dómaraefni hefur setið í o.s.frv. Nefndin ætti hins vegar að leggja mat á hækni umsækjenda með því að skoða verk þeirra. Í því felst að meta þurfi gæði fremur en magn. Til dæmis getur umsækjandi með umfangsmiklum skrifum sínum um lögfræðileg efni um langt árabil hafa sýnt fram á með óyggjandi hætti að hann ætti alls ekki að verða skipaður í dómarastöðu. Fjölbreytni í starfsreynslu, eins og þetta hefur verið skilið í undirbúningi veitingar dómaraembætta á undanförunum árum, er bábilja sem einungis villir mönnum sýn. Þeir sem ekki hafa gert neitt annað á starfsferli sínum en að starfa sem lögmenn eða dómarar hafa í þeim störfum oftast fjallað um alls konar málavið, bæði á vettvangi einkamála og sakamála. Felur þetta oftast í sér afar fjölbreytilega

starfsreynslu. Engin þörf er á að viðkomandi hafi líka starfað við annað en dómsýslu. Mat svona nefndar ætti að verða bundið við að segja aðeins til um hæfni hvers einstaks umsækjanda en ekki að raða þeim upp innbyrðis, þar sem seilst er um of til áhrifa á veitingarvaldið með slíkri uppröðun.

52 Mér finnst einnig vel koma til greina að taka hér upp það kerfi sem þekkist erlendis, til dæmis í Bandaríkjunum, að meirihluti þingmanna staðfesti ákvörðun ráðherra um skipun í dómaraembætti við Hæstarétt. Sá sem ráðherra vildi skipa ætti þá að þurfa að mæta fyrir þingnefnd og svara spurningum um viðhorf sín til grundvallarþátta í starfsemi dómstóla, svo sem um valdmörk þeirra, aðferðir við túlkun á stjórnarskrá, heimildir til þess að beita erlendum lagareglum sem ekki hafa verið lögfestar hér á landi o.s.frv. Heimila ætti fjölmiðlum að senda beint út frá þessum spurningatíma.

Við þetta myndi tvennt vinnast. Í fyrsta lagi yrði þing og þjóð einhvers vísari um viðhorf dómaraefnis til meginatriða sem snerta dómstólastarfið. Í öðru lagi, og það er ekki þýðingarminna, hefði væntanlegur dómari verulegt gagn af því að gera sjálfum sér í heyranda hljóði grein fyrir starfskyldum sínum að því er snertir meginatriði í dómsýslunni áður en hann tekur til starfa, því hann er líklegri til þess að fara eftir þeim í starfinu hafi hann gert það. Meðal annars er þýðingarmikið að sá sem vill verða dómari geri sér sjálfum grein fyrir þeim takmörkunum sem gilda um valdheimildir dómstóla. Þeim beri að fara einungis eftir lögnum eins og þetta er orðað í upphafsákvæði 61. gr.

stjórnarskrárinnar og sé óheimilt að vikja frá þeim í þágu huglægra viðhorfa eða þrýstings frá öðrum. Fá þarf svör frá þeim um afstöðu þeirra til þessara mikilvægu atriða áður en skipun þeirra er endanlega ráðin.

Verði niðurstaða Alþingis sú að hafna þeim umsækjanda sem ráðherra hefur valið myndi hann 53 þurfa að velja annan úr umsækjendahópnum. Til þess gæti einnig komið að auglýsa þyrfti embættið á ný. Um þetta þyrfti að setja skýrar reglur í lög.

RITUN DÓMSATKVÆÐA OG BIRTING

54 FRUMMÆLANDI

Í 2. mgr. 165. gr. EML og 2. mgr. 209 gr. SML er að finna reglur um þann hátt sem hafður er á við Hæstarétt þegar að því kemur að taka afstöðu til málflutnings og semja dóm. Dómarar fara strax að loknum málflutningi á fund til þess að ráða ráðum sínum. Svo sem fram kemur í lagaákvæðunum skal ákveða áður en mál er flutt hver dómaranna skuli vera frummælandi. Er þeirri starfskyldu dreift jafnt milli dómara eftir fyrirfram ákveðinni reglu, sem að minnsta kosti hefur verið við lýði undanfarin ár. Ef dómari situr til dæmis þrisvar yfir vikuna í þriggja manna dómi, eins og nú er algengast, er hann frummælandi í einu málanna.

Á dómarafundi eftir málflutning talar frummælandi fyrstur. Ef allir eru sammála honum semur hann drög að forsendum dóms og dómsorði sem dreift er til hinna. Síðan er haldinn annar fundur þar sem einstakir dómarar koma með athugasemdir og ábendingar um textann. Að því búnu er afgreiddur sá texti sem dómarar hafa komið sér saman um að gilda skuli sem forsendur dóms. Er sá texti birtur án þess að fram komi hver dómaranna hafi verið frummælandi í málinu, þó að upplýsingar um það liggi fyrir í dómabók réttarins.

„FJÖLSKYLDUSTEMNING“

ÞANN tíma sem ég starfaði sem dómari varð ég var við ríka tilhneigingu flestra samdómara minna til þess að forðast sératkvæði. Þegar ég var að byrja heyrði ég suma þeirra ganga svo langt að tala um fjölskyldustemningu sem ríkti við dómstólinn og þeir virtust telja æskilega.

55

Þetta kom mér undarlega fyrir sjónir því ég hafði talið að hverjum og einum dómara væri skylt að vinna sjálfstætt á þann hátt að honum bæri að taka sjálfstæða afstöðu til sakarefnis málanna og fylgja henni nema sýnt væri fram á að honum hefði skjátlast eða yfirsést eitthvað. Væri ágreiningur til staðar bæri dómara að skila sératkvæði en ekki að beygja sig undir vilja meirihluta dómara. Dómstóllinn væri fjölskipaður til þess að leiða saman við úrlausn málanna marga sjálfstætt hugsandi dómara sem héldu sig við eigin lögfræðiþekkingu og niðurstöðu nema þeir sjálfir sannfærðust um réttmæti þess að breyta niðurstöðu sinni. En mér virtust fæstir dómara vinna eftir þessum sjónarmiðum, að minnsta kosti fannst mér algengt að þeir gerðu það ekki.

Kannski er fjölskyldustemningin afleiðing af allt of miklu málaálagi. Einstaklingarnir sem skipa dóminn hverju sinni eru eðlilega misjafnlega þeim kostum búnir að geta unnið undir því mikla álagi sem felst í að kynna sér öll málin svo vel sem nauðsynlegt er. Ég held að fæstir þeirra ráði við álagið þegar málafjöldinn er orðinn svo mikill sem raun ber vitni; hver dómari þarf að dæma í 200–300 málum á ári og dæmi eru um hærri tölur.



Í blámóðu fjarskans

Almenningur horfir á dómara úr fjarlægð og veit lítið um persónur þeirra og afstöðu til grunnsjónarmiða í lögfræði sem geta ráðið úrslitum í dómsmálunum.

Þetta leiðir þá óhjákvæmilega til þess að menn falla fyrir freistingum um að skauta létt yfir sum málanna, einkum þau sem þeir eru ekki frummælendur í. Svo hefur þetta einnig þau áhrif að þeir í dómarahópnum, sem ráða yfir mestri tæknilegri kunnáttu og afköstum, taka að hafa meiri áhrif á efni dómanna en hinir.

57

RÚSSÍBANAREIÐ UM DÓMSMÁLIN

ÉG man vel eftir þeirri tilfinningu sem ég fékk oft á þeim árum sem ég starfaði sem málflytjandi, að dómarnir hefðu alls ekki skilið lögfræði dómsmálsins til hlitar. Stundum kom þetta fram við hinn munnlega málflytning en í öðrum tilvikum í forsendum dómssins sem á eftir kom. Eftir að ég hætti sem dómari hef ég tekið að mér ráðgjafarverkefni fyrir lögmennt og er þá stundum um að ræða athugun á dómssniðurstöðum í málum sem þeir hafa rekið og umbjóðendur þeirra tapað. Er þetta gert í því skyni að kanna hvort eftir standi einhver úrræði. Þá hefur þessi gamla tilfinning rifjast upp fyrir mér.

Góður málflytjandi sem hefur rekið mál frá byrjun og lagt í það hina miklu vinnu sem í því felst að kryfja sakarefni, áður en ákvörðun er tekin um málshöfðun, og síðan að stefna máli fyrir dóm, ákveða kröfur umbjóðandans, málsástæður og lögfræðilega útlistun þeirra, er oft miklu betur að sér um hina lögfræðilegu hlið en dómarnir sem dæma í málinu. Kannski mætti orða þetta svo að dómarnir, sem eru á eins konar rússíbanareið um dómsmálin, hafi örstutta viðkomu í hverju máli, svona dagstund eða tvær eftir atvikum, og eigi þess

því ekki kost að kynna sér til fulls lögfræðina sem í málunum býr.

Vissulega er það hlutverk hins vandaða lögmanns að koma þekkingu sinni og greiningu á framfæri við dóminn við málflutninginn, skriflegan og munnlegan. Það er bara ekki alltaf nóg. Sum málin eru svo flókin og vandmeðfarin að engin leið er að ná góðum tókum á sakarefni þeirra nema hafa haft nægan tíma til þess. Jafnvel þó að málflutningur hafi verið slakur breytir það ekki skyldu dómara til þess að greina sakarefnið til fulls. Í því tilfalli þarf dómarrinn jafnvel meiri tíma. Þennan tíma fá dómarrar við Hæstarétt ekki. Svo einfalt er það.

SAMID UM FORSENDUR

FORSENDUR dómanna verða, eins og fyrr sagði, oftast til með því að frummælandinn semur en hinir dómarrarnir gera athugasemdir við texta um það sem þeir telja að betur megi fara. Ef uppi er skoðanamunur er áhersla lögð á að eyða honum. Það leiðir stundum til þess að eitthvað er tekið með í forsendurnar sem einhver vill fá inn, án þess að hugað sé nægilega að því hvort það falli að þeim röksemdum sem fyrir eru. Þetta getur þá valdið því að dómarrnir verði óskýrir og lesendur þeirra eigi erfitt með að átta sig á því um hvað þeir hafa þá fordæmisgildi. Nefnd skulu dæmi um þetta.

H. 18. desember 2000 í máli nr. 419/2000

HINN 18. desember 2000 var kveðinn upp dómur í máli nr. 419/2000.²⁹ Í málinu reyndi á hvort karlmaður gæti höfðað mál til viðurkenningar á að

hann væri faðir barns, þrátt fyrir að í 43. gr. þágildandi barnalaga nr. 20/1992 væri ekki gert ráð fyrir að karlmaður gæti átt sóknaraðild að slíku máli. Málinu hafði verið vísað frá héraðsdómi af þeirri ástæðu. Hæstiréttur sneri niðurstöðunni við. Í forsendum Hæstaréttar voru færð fram rök fyrir því að hér væri um að ræða takmörkun á aðgangi að dómstólum og mismunun kynjanna. Staðist þetta fyrirkomulag ekki 65. og 70. gr stjórnarskrárinnar.

59

Hefði niðurstaðan að svo búnu átt að liggja fyrir um að manningnum væri málsóknin heimil. Þá bar hins vegar svo við að bætt var við í forsendur dómsins svofelldum texta: *Í ljósi þeirra atvika málsins, sem að framan voru rakin, telst sóknaraðili hafa leitt að því líkur að hann geti verið faðir barns varnaraðila. Vegur sú staðreynd þungt við mat á því hvort honum skuli heimilt að fá efnisúrlausn um kröfur sínar.*

Þessi viðbót er auðvitað ekki í nokkru samræmi við forsendurnar að öðru leyti og fær raunar ekki staðist sem rökstuðningur fyrir niðurstöðunni. Það getur nefnilega aldrei verið meðal skilyrða fyrir heimild til málshöfðunar að málsaðili leiði líkur að því að hann eigi þann rétt sem hann krefst viðurkenningar á. Grunur minn er sá að einum dómara (eða fleirum?) hafi ekki líkað sú úrlausn að „hver sem er“ geti stefnt móður með kröfu um viðurkenningu á að hann sé faðir barns hennar. Sá hinn sami dómari virðist þá hafa fengið því áorkað að þessi rökleysa yrði sett inn í forsendurnar svo hann gæti staðið að dóminum með hinum. Og undan því hefur þá verið látið í þágu samstöðunnar þannig að

dómurinn í heild gerir þetta að sínum forsendum. Niðurstaðan varð sú að enginn getur svarað því með vissu um hvað þessi dómur er fordæmi. Öðru máli hefði gegnt ef sá dómari, sem í hlut átti, hefði einfaldlega skrifað athugasemdina undir eigin nafni.

60 **H. 22. september 2010 í máli nr. 371/2010**

ANNAD dæmi er að finna í dómi Hæstaréttar 22. september 2010 í máli nr. 371/2010. Málið snerist um kæru ákærvaldsins á úrskurði héraðsdóms, þar sem máli þess á hendur A, B, C og félaginu D hafði að hluta verið vísað frá dómi. A, B, C og D byggðu á því að þau hefðu þegar mátt þola refsingu í formi skattaálags með stjórnsluákvörðun fyrir þau brot sem þau voru ákærð fyrir og með því að sækja mál á hendur þeim í annað sinn fyrir brotin væri brotið gegn 4. gr. 7. samningsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), sbr. lög nr. 62/1994.

Fyrir lá í málinu að íslensk lagaframkvæmd hafði um langt árabil verið með þeim hætti að skattaðilum, sem ekki töldu rétt fram tekjur sínar, væri fyrst endurákvarðaður skattur af skattfyrvöldum með lögbundnu álagi en þeir síðan eftir atvikum ákærðir fyrir refsivert undanskot frá skatti. Hafði þá verið beitt sektarrefsingu í viðbót við álagið, en tekið tillit til þess við ákvörðun sektar í dómsmálinu.

Einnig lá fyrir að mannréttindadómstóll Evrópu (MDE) hafði kveðið upp dóma þar sem ekki hafði verið fallist á að framkvæmd af þessu tagi fæli í sér tvöfalda refsingu sem bryti gegn nefndu ákvæði MSE. Hinir ákærðu vísuðu til þess að MDE hefði

með dómi 10. febrúar 2009 breytt frá fyrri afstöðu sinni í sambærilegum málum. Töldu þeir þetta eiga að valda því að hin hefðbundna íslenska lagaframkvæmd stæðist ekki lengur og bæri því að vísa málinu frá dómi.

Í upphafi forsendna dóms Hæstaréttar segir svo: *Með lögum nr. 62/1994 var mannréttindasáttmála Evrópu veitt lagagildi hér á landi, þar með töldum 7. viðauka hans, sbr. 5. tölulið 1. mgr. 1. gr. laganna. Í 2. gr. þeirra er tekið fram að úrlausnir mannréttindanefndar Evrópu, mannréttindadómstóls Evrópu og ráðherranefndar Evrópuráðsins séu ekki bindandi að íslenskum landsrétti. Með ákvæði þessu hefur löggjafinn áréttað að þrátt fyrir lögfestingu sáttmálans sé enn byggt á grunnreglunni um tvieðli landsréttar og þjóðaréttar að því er varðar gildi úrlausna þeirra stofnana sem settar hafa verið á fót samkvæmt sáttmálanum. Þótt dómstólar liti til dóma mannréttindadómstólsins við skýringu sáttmálans þegar reynir á ákvæði hans sem hluta af íslenskum landsrétti, leiðir af þessari skipan að það er verkefni löggjafans að gera nauðsynlegar breytingar á landsrétti til þess að virða skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt mannréttindasáttmála Evrópu.*

Með þessum forsendum, og raunar nokkrum frekari skýringum sem tilheyrðu þeim, var í reynd búið að dæma málið. Hinn nýi dómur MDE gat ekki breytt íslenskum landsrétti. En ekki aldeilis. Í dómi Hæstaréttar var í viðbót við þetta nú tekið til við að fjalla efnislega um nýlega dómaframkvæmd MDE og rökstutt að í henni fælist óvissa um skýringu

á nefndum ákvæðum MSE. Í lok umfjöllunar um dómanna segir svo í forsendum Hæstaréttar: *Svo að til greina komi að slá því föstu að þessi skipan skattamála hér á landi fái ekki staðist vegna ákvæða mannréttindasáttmála Evrópu verður að minnsta kosti að liggja skýrt fyrir að íslensk lög fari í hága við þau, eftir atvikum í ljósi dóma mannréttindadómstólsins. Þegar af þeirri ástæðu að ekki stendur þannig á í máli þessu verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.*

LESENDUR geta svo velt því fyrir sér um hvað dómurinn sé fordæmi. Er hann fordæmi um að Alþingi eitt geti breytt íslenskum lögum? Eða felst í honum viðurkenning á að hefðbundin merking íslenskra laga geti breyst án atbeina Alþingis ef MDE ákveður einn góðan veðurdag að breyta afstöðu sinni til efnislegs inntaks MSE? Sá grunur vaknar að dómarnir sem dæmdu málið hafi verið sammála um niðurstöðuna en ekki forsendurnar. Þá hefur niðurstaðan orðið að taka hvorar tveggja forsendurnar með, þó að þær séu í sjálfu sér efnislega ósamrýmanlegar, og réttarsamfélagið á Íslandi skilið eftir í fullkominni óvissu um fordæmisgildi dómsins.

H. 19. desember 2000 í máli nr. 125/2000

ENN má taka dóm Hæstaréttar 19. desember 2000 í máli nr. 125/2000, svonefndu öryrkjamáli, sem dæmi um óskýrar forsendur dóms. Þar þóttu forsendur meirihluta Hæstaréttar, þriggja dómara af



Flækjur í texta

Fjölskyldustemningin elur oft af sér langa og ruglingslega dóma þar sem erfitt er að meta hvert fordæmisgildið sé, þótt menn leggi hart að sér við greiningu þeirra.

fimm, svo óljósar að forseti Alþingis skrifaði forseta Hæstaréttar bréf til þess að fá útskýringar á því hvað í þeim fælist, enda var ljóst að Alþingi yrði að bregðast við dóminum með lagasetningu. Síðan var skipuð nefnd lögfræðinga til þess að svara því hvað í dóminum fælist og hvernig bregðast mætti við. Ætla verður að véfréttin sem fólst í forsendum þessa dóms hafi fyrst og fremst stafað af því að þar var reynt að bræða saman ósamrýmanleg sjónarmið dómara, þó að ekki sé unnt að útiloka að sameiginleg óskýr hugsun hafi valdið þessu.

Þau dæmi sem hér hafa verið nefnd af handahófi eru öll augljós. Taka mætti fleiri slík. Það gefur svo auga leið, að fyrst andúðin á því að skila sératkvæðum getur af sér svona augljós afkvæmi, hlýtur sú sama andúð að valda því í fjölda annarra tilvika, sem ekki eru jafn augljós, að forsendum er hagað þannig að allir dómarnir geti verið með fremur en að vera heilsteypt rökræn útleiðsla á lögfræðilegri niðurstöðu.

SAMEIGINLEGIR FINGURBRJÓTAR

ÞESSU til viðbótar má nefna dæmi um beina fingurbrjóta í dómum, sem allir dómarnir sem málið dæma eiga aðild að. Þegar slíkt gerist má telja það augljósa vísbendingu um að hver og einn dómari hafi ekki rannsakað sakarefnið svo sem honum ber heldur látið afstöðu annars eða annarra dómara ráða, án þess að huga nægilega vel að rökstuðningi þeirra eða niðurstöðu.

Í máli nr. 469/2012, sem dæmt var í Hæstarétti 22. ágúst 2012, stóð svo á að héraðsdómari hafði vísað

máli frá dómi vegna vanreifunar. Stefnandinn kærði úrskurðinn um þetta til Hæstaréttar samkvæmt heimild í j. lið 1. mgr. 143. gr. EML. Dómkrafan í málinu var lág og langt innan áfrýjunarfjárhæðar samkvæmt 1. mgr. 152. gr. laganna. Þrír dómáramar í Hæstarétti komust að þeirri sameiginlegu niðurstöðu í dómi sínum að til þess að mega kæra til Hæstaréttar frávisunarúrskurð héraðsdóms hefði stefnukrafan þurft að ná áfrýjunarfjárhæð. Svo væri ekki og vísuðu dómáramarnir kærúmálinu því frá Hæstarétti. Niðurstaðan byggist á einhvers konar misskilningi á lagareglum. Kæruheimildir 143. gr. laganna eru ekki bundnar við að fjárhæð dómkröfu í máli nái áfrýjunarfjárhæð. Það myndi fela í sér hreina umbyltingu á reglum um heimildir til kæru ef þetta yrði framvegis talið gilda.

65

Þessi niðurstaða dómáramanna þriggja var einfaldlega röng.³⁰ Í kjölfarið má spyrja: Hvernig stendur á því að þrír fullburða dómáramar komast allir að svona augljóslega rangri niðurstöðu? Getur verið að einn þeirra hafi skrifað þetta í dóminn og hinir bara skrifað undir án þess að veita úrlausnarefninu þá athygli sem þeim var skylt? Mér finnst sú skýring líklegri en að hver og einn þeirra hafi með sjálfstæðri greiningu á sakarefninu komist að þessari undarlegu niðurstöðu. Hluti af skýringunni á því að dómáramar freistast til þess að fallast á það sem aðrir segja án nægilegrar sjálfstæðrar skoðunar er sjálfsgagt mála fjöldinn og álagið sem honum fylgir.

Annað dæmi um hreinan fingurbrjót er að finna í þriggja manna dómi Hæstaréttar 6. desember 2012 í máli nr. 250/2012. Þar stefndi maður nokkur

Íslenska ríkinu og krafðist ógildingar á tilgreindum úrskurði ríkisskattstjóra um heimilisfesti sína. Íslenska ríkið var sýknað af kröfunni í héraði og áfrýjaði maðurinn dóminum til Hæstaréttar. Í dómi Hæstaréttar er að loknum rökstuðningi tekið fram að krafa áfrýjanda um ógildingu úrskurðar ríkisskattstjóra verði ekki tekin til greina. Síðan er gefið dómsorð um viðurkenningu á að maðurinn hafi verið heimilisfastur og borið fulla og ótakmarkaða skattskyldu hér á landi hluta þess tímabils sem úrskurður ríkisskattstjóra hafði tekið til.

Dómkröfur aðila í málinu lutu hreint ekki að slíkri viðurkenningu heldur voru alfarið bundnar við ógildingu á úrskurði ríkisskattstjóra. Það var því óheimilt að afgreiða málið með því dómsorði sem Hæstiréttur gaf. Varla hafa sjálfstæðar rannsóknir þriggja dómara leitt til þeirrar niðurstöðu að svona bæri að haga dómsniðurstöðunni. Við blasir að einum dómáranum hafa orðið á mistök, eins og alltaf getur orðið. Hinir hafa svo skrifað undir án þess að taka nokkra sjálfstæða afstöðu til afgreiðslunnar í dóminum.

ENN má nefna dómsniðurstöðu, sem ótrúlegt er að þrír dómáran hafi getað komist að, hver og einn með sjálfstæðum hætti, í dómi 30. nóvember 2012 í máli nr. 710/2012. Þar var skipuðum verjanda ákærðs manns gerð sekt samkvæmt 5. mgr. 223. gr. SML fyrir að hafa kært fyrir skjólstæðing sinn úrskurð um að gæsluvarðhald, sem skjólstæðingurinn hafði sætt frá 29. júlí 2012, skyldi framlengt til 21. desember 2012. Var sektin á hendur verjandanum að því er virðist byggð á því að ekki hefðu

komið fram nýjar ástæður fyrir kærinni umfram þær sem fjallað hefði verið um í eldri dómum Hæstaréttar um framlengingu gæsluvarðhalds sama manns og þá verið hafnað.

Sektargerð dómsins á hendur verjandanum er ekkert minna en furðuverk sem fær ekki staðist að lögum. Þessi sakborningur hafði aldrei áður verið úrskurðaður í gæsluvarðhald tímabilið 28. nóvember til 21. desember 2012 og var því í fyrsta og eina skiptið að kæra úrskurð um það. Það má sjálfsagt nota orðin „helgur réttur“ um rétt manns sem látinn er sæta sviptingu á frelsi að mega krefjast endurskoðunar á ákvörðun um það, eins og SML kveða á um að honum sé heimilt.

Kannski verjandinn hefði átt að segja sig frá starfi sínu fyrst maðurinn vildi kæra og þá vísað til þess að hann vildi ekki taka áhættu á persónulegum refsingum af því tilefni. Raunar má þá spyrja hvort verjandinn hefði mátt bregðast svona við, því samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn var honum skylt að gegna starfinu. Þá liggur fyrir að tímalengd gæsluvarðhalds sem sakborningur hefur sætt getur verið sjálfstæð ástæða fyrir því að tekin verði til greina krafa hans um að synja framlengingu, sbr. til hliðsjónar 4. mgr. 95. gr. SML, en sú regla átti ekki við í þessu tiltekna máli, þar sem sakamál hafði verið höfðað gegn manningnum. Þetta ber dómara að athuga af sjálfsdáðum. Hér má einnig vísa til 1. mgr. 97. gr. SML þar sem kveðið er á um að gæsluvarðhaldi skuli markaður ákveðinn

tími sem ekki megi vera lengri en fjórar vikur í senn.

68 Það er með hreinum ólíkindum að þrír dómara-
sem allir eiga að leggja sjálfstætt mat á sakarefni
máls, skuli hver og einn hafa komist að svona
niðurstöðu. Hér hlýtur tímaþröng og þirringur
yfir miklu starfsálagi að hafa valdið og svo hitt að
fjölskyldustemningin við dómstólinn hefur mælt
með að allir yrðu saman um niðurstöðuna.

TVENNS KONAR ÚRRÆÐI

ÉG held að tvennt þurfi að koma til svo að dómara-
arnir verði sjálfstæðari í starfi sínu og taki
hver og einn sjálfstæða afstöðu til sakarefna mál-
anna eins og þeim ber skylda til þess að gera. Í
fyrsta lagi þarf að létta af álaginu. Það myndi gerast
við stofnun millidómstigsins á grundvelli þeirra
sjónarmiða sem fyrr voru nefnd. Í öðru lagi þarf að
breyta reglum um ritun og birtingu dómsforsendna.
Verður nú vikið að því.

ENDURBÆTUR

Tillagan

ÁDÓMARAFUNDI í Hæstarétti 16. október 2008
flutti ég tillögu um að rétturinn óskaði eftir
breytingu á 2. mgr. 165. gr. EML, en í þessu ákvæði
laganna er kveðið á um ritun dómsatkvæða í Hæsta-
rétti. Tillaga mín var svohljóðandi: *Fyrstu þrír máls-
liðir verði óbreyttir. Í stað þess sem á eftir þeim
kemur í 2. mgr. komi: „Ef meirihluti er fyrir rök-
sendum og niðurstöðu frummælanda semur hann
atkvæði að dómi. Sé frummælandi í minnihluta*



Fjölskyldustemning

Dómarar standa saman og fela sig undir þagnarhjúp. Enginn sér hver gerir hvað. Þannig telja þeir sig verða trúverðuga í augum annarra.

skulu þeir dómara sem mynda meirihluta ákveða hver þeirra skuli semja atkvæði að dómi. Dómara skulu staðfesta atkvæði sitt skriflega eftir atvikum með athugasemdum við forsendur. Þeir sem ekki eru sammála meirihluta dómara skila sér atkvæði. Við birtingu dóma skal koma fram hver samið hafi dómsatkvæði, þegar fleiri en einn eiga aðild að því. Atkvæði annarra dómara skulu einnig birt ásamt forsendum þeirra. Dómari sem greiðir atkvæði með ómerkingu héraðsdóms eða frávisun máls og verður í minnihluta verður einnig að greiða atkvæði um efni máls. Dómara ganga í sameiningu frá dómi með eða án sér atkvæða.“

„Kórdómstóll“ fremur en fjölskipaður dómstóll

Tilgangurinn með þessari tillögu var að reyna að bæta úr þeim annmörkum sem fyrir var lýst og snerta ritun dómsforsendna. Fólst það í tvennu. Í fyrsta lagi að knýja á um að dómara legðu sjálfir, frekar en áður, nöfn sín við dómsatkvæði sín. Taldi ég að af þessu gæti leitt að teknar yrðu upp breyttar aðferðir í þá átt að dómara myndu síður láta aðra dómara hræra í rökfærslum sínum og gera þær óskýrar ef viðkomandi dómari stæði einn að atkvæðinu.

Í öðru lagi var tilgangurinn sá að kveða á um það í lögum að við birtingu dómanna kæmi fram hver hefði samið forsendurnar, en sá furðulegi háttur hefur verið hafður á að birta þetta ekki þó að í dómabók Hæstaréttar komi jafnan fram hver hafi verið frummælandi í máli og þá samið forsendur að dómi. Það hefur því ekki verið neinum vandkvæðum

bundið að birta þetta um leið og dómama. Það hefur hins vegar ekki verið gert. Mér sýnist þetta vera liður í viðleitni til þess að draga úr einstaklingsbundinni ábyrgð dómara á verkum sínum; eða að minnsta kosti að fela hana.³¹ Hæstiréttur sé „kórdómstóll“ fremur en fjölskipaður dómstóll sjálfstæðra dómara. Þessu taldi ég að yrði að breyta. Sú skoðun hefur ekki breyst. 71

Lagst gegn tillögu

Ekki get ég sagt að afstaða annarra dómara til þessarar tillögu hafi komið mér á óvart. Þeir lögðust allir að einum undanskildum gegn henni. Kannski er helsta ástæða andstöðunnar sú að núverandi fyrirkomulag er þægilegra fyrir dómarana í þeim miklu önnum sem á þeim hvíla. Þeir geta sjálfsgagt fremur nýtt sér hagræði verkaskiptingar með núverandi skipan. Má raunar segja að tillögunni hafi beinlínis verið ætlað að vinna gegn slíkri samvinnu af þeim ástæðum sem fyrir var getið. Sá eini sem hafði aðra afstöðu en hinir virtist ekki vera andsnúinn tillögunni í sjálfu sér en taldi hana ekki hafa mikla þýðingu, því einstakir dómarar gætu að óbreyttum lögum látið ágreining við aðra koma fram að því marki sem þeir vildu.

Frumvarp og umsagnir

Síðar fréttu nokkrir alþingismenn af þessari tillögu minni. Ég lét þeim í té texta hennar og helstu ástæður fyrir henni. Úr þessu varð þingmannafrumvarp, sem flutt var á Alþingi 2010–11, þingskjal 10-10. mál. Fyrsti flutningsmaður var Sigurður

Kári Kristjánsson en með honum stóðu sjö aðrir alþingismenn að flutningi frumvarpsins. Fylgdi frumvarpi þeirra greinargerð þar sem þeir gerðu grein fyrir helstu ástæðum málsins.³² Við meðferð málsins á Alþingi var óskað eftir umsögnum dómara Hæstaréttar um frumvarpið. Ég skrifaði fyrst stutta umsögn þar sem ég mælti með frumvarpinu. Síðar sá ég umsögn sem sjö af starfs-systkinum mínum stóðu að þar sem þau mæltu gegn þessum breytingum.³³ Sá ég þá ástæðu til þess að svara henni með nýrri umsögn. Tel ég rétt að birta hér orðréttu tilvitnun í hluta af þessari síðari umsögn minni, þar sem hún er til þess fallin að skýra málið betur en gert er að framan.

Það er rétt að ég gerði tillögu til dómarafundar 16. október 2008 um að gera umrædda lagabreytingu og einnig að tillagan hlaut þar ekki brautargengi. Það gladdi mig að flutningsmenn frumvarpsins skyldu sýna því áhuga að flytja málið á Alþingi, því ég tel að hér sé um að ræða mál sem er til þess fallið að bæta störf Hæstaréttar og um leið veita almennungi betri upplýsingar um starfshætti réttarins.

Meginástæða tillögu minnar var sú að ég tel þess gæta um of að reynt sé að bræða saman ólík sjónarmið við samningu dómanna. Þetta virðist vera gert til þess að forðast sératkvæði. Af þessari viðleitni leiðir að mínu mati að oft verður innbýrðis misræmi í forsendum dómanna sem veldur vandræðum við mat á fordæmisgildi þeirra. Efast menn um að þessi tilhneiging sé til staðar í réttinum geta

þeir kannað í leitarvél á heimasíðu Hæstaréttar hversu algengt það hefur verið á undanförunum árum að einstakir dómara hafi skilað sératkvæðum í málum. Allir ættu að vita að í níu manna hópi lögfræðinga hlýtur að verða alltítt að upp komi ágreiningur um þau lögfræðilegu úrlausnarefni sem fengist er við. Þetta verður augljóst þegar athugaðar eru upplýsingar um slíkt við fjölskipaða erlenda dómstóla. Þar er víða regla fremur en undantekning að sjónarmið séu að einhverju leyti mismunandi. Slíkur ágreiningur er eðlilegur og telst raunar óhjákvæmilegur fylgifiskur þess að skipa marga jafnsetta dómara í dóm. Upplýsingar um dóma Hæstaréttar alveg frá árinu 1999 má fá á heimasíðu réttarins. Þar má sjá dæmi um að einstakir dómara hafi skilað sératkvæðum í innan við 10 málum allan þennan tíma, þó að hver dómari sé að dæma í 150 til meira en 300 málum á hverju ári. Þetta er með nokkrum ólíkindum en skýrist að mínum dómi af þeirri viðleitni sem nefnd var. 73

Ekki deili ég við nokkurn mann um að nauðsynlegt sé að ágreiningur, sem upp kemur við samningu dóma, sé krufinn til mergjar og reynt sé að nálgast sameiginlega hina réttu lögfræðilegu niðurstöðu, þannig að allir dómaramir geti sameinast um forsendur og niðurstöðu máls. Standi hins vegar eftir ágreiningur um röksemdir eða niðurstöðu að slíkri krufningu lokinni er það að mínum dómi skylda dómara að fylgja sinni bestu samvisku og greiða sératkvæði en ekki að víkja skoðun sinni til hliðar í þágu einingarinnar. Til laga frumvarpsins felur í sér aðferð við að knýja

á um að dómara starfi á þennan hátt. Ein af meginforsendum þess að skipa marga dómara í æðsta dómstól þjóðar hlýtur að vera að tryggja að mismunandi lagaleg sjónarmið hinna hæfustu lögfræðinga séu þar til staðar. Dómarar eru ekki skipaðir til embætta í slíkum dómstól til þess að taka samstöðuna sín í milli fram yfir bestu einstaklingsbundna vitund um lögfræðileg úrlausnarefni.

Að þessu sögðu vik ég að umsögn dómaraanna sjö og nota þá tækifærið í leiðinni til þess að skýra mál mitt frekar á nokkrum stöðum.

1. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir breytingu á þeim hætti sem verið hefur á birtingu úrdráttar úr dómum réttarins og ekki heldur á meginreglu réttarfars um málsforræði aðila, en að þessum atriðum er vikið í umsögninni án sýnilegs til-efnis.
2. Það er misskilningur sem fram kemur að ekki sé kvartað yfir því að dómur réttarins sé ekki skýrir og gagnsæir. Slíkar kvartanir eru vel kunnar og hafa oft komið fram í fræðigreinum um lögfræði. Hið sama var nefnt á fjölmönnum fundi lögfræðinga á dögum um millidómstig, svo nýlegt dæmi sé tekið.
3. Kvartað er yfir því að ekki sé stutt með dæmum hvaða kosti verklag frumvarpsins hafi. Mörg dæmi mætti nefna um óskýra texta í dómum sem valda því að erfitt er að meta fordæmisgildi þeirra. Þekkt dæmi um slíkt er nefnt í athugasemdum með frumvarpinu. Á dómara-



„Kórdómstóll“

Dómarar hafa tilhneigingu til að leita skjóls hver af öðrum og koma sér þannig fyrir undir sameiginlegri hlíf. Með þeim hætti forðast þeir að taka persónulega ábyrgð á verkum sínum.

fundi nýverið, þar sem rætt var um frumvarpið, nefndi ég til skýringar dæmi af dómi Hæstaréttar 18. desember 2000 í máli nr. 419/2000. Þessi dómur var kveðinn upp nokkrum árum áður en ég tók sæti í réttinum. Af augljósum ástæðum verð ég að geta mér til um þau atvik við samningu forsennna dómsins sem ég geri hér að umtalsefni. (Hér felli ég út lýsingu á efni þessa dómsmáls, þar sem ég hef á bls. 58–60 að framan gert grein fyrir því.) Þessi dómur er hér aðeins nefndur sem dæmi um vanda sem oft hefur leitt af því verklagi sem ríkt hefur við samningu dóma Hæstaréttar. Dæmin um óskýra dóma af þessu tagi eru mörg. Það er hins vegar erfitt að nefna dæmin vegna þess að engar upplýsingar eru birtar um hvernig „kaupin hafa gerst á eyrinni“ við samningu dómanna. Felur þetta síðastnefnda reyndar í sér sjálfstæð rök fyrir því að auka gagnsæi um störf Hæstaréttar við samningu dóma því erfitt er að fjalla um starfsemi stofnana ríkisins ef enginn veit hvernig hún fer fram.

4. *Í umsögn dómaranna sjö virðist vera gert ráð fyrir að aðferð Hæstaréttar Noregs við frágang dóma verði tekin upp við Hæstarétt Íslands ef frumvarpið verður að lögum. Þetta er einhver misskilningur. Í Noregi tíðkast að dómarar samþykki atkvæði með áritun sem heldur því opnu að þeir séu ekki að öllu leyti samþykkir forsennu þess. Aðrar aðferðir hafa tíðkast hér. Þeir sem samþykkja atkvæði án þess að gera sjálfir athugasemdir teljast auðvitað samþykkja*

forsendurnar sem þar birtast. Enga tillögu er að finna í frumvarpinu um að breyta þessu. Þar er ekki gert ráð fyrir að dómara eigi, fremur en verið hefur, að geta samþykkt forsendur dóms með fyrirvörum nema þeir geri grein fyrir efni þeirra. Ég er persónulega sammála dómurinum sjö um að íslenska aðferðin sé miklu betri en sú norska. 77

Bent skal á að sambærilegt ákvæði við 2. mgr. 165. gr. laga nr. 91/1991 er að finna í 2. mgr. 209. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Orðalagi þess þyrfti að breyta til samræmis verði þessar breytingar lögfestar.

Afstöðu mína til þessa máls má alls ekki skilja svo að ég telji núverandi dómara við Hæstarétt kasta höndum til starfs síns. Þar eru allir að reyna að gera það sem skyldan þýður þeim. Frumvarpið sem hér er rætt um felur aðeins í sér auknar kröfur um að einstakir dómara taki sjálfstæða afstöðu til sakarefnis dómsmálanna í stað þess að treysta stundum um of á afstöðu annarra eða jafnvel að láta undan henni í þágu samstöðunnar. Í frumvarpinu felst því fyrst og fremst hvatning til dómara um að vanda verk sín.

Þingnefndin sem fjallaði um frumvarpið mun einnig hafa leitað eftir umsögnum frá fyrrverandi dómurum við Hæstarétt. Umsagnir þessar voru frekar andsnúnar málinu þó að ekki hafi það verið einhlitt.³⁴

Með fullri virðingu fyrir þessum góðu lögfræðingum tek ég fram að afstaða þeirra kemur mér ekki á óvart fremur en afstaða hinna fyrrverandi starfssystkina minna. Þetta eru allt dómara- notað hafa þæginda samvinnunnar og verkaskiptingarinnar sem tillögunni er ætlað að vinna gegn.

78 Kunna þeir því að líta á hana sem einhvers konar atlögu að þeim aðferðum sem þeir tóku þátt í að beita. Vera má að eitthvað sé til í því. Slik viðhorf mega hins vegar ekki verða til þess að hafnað sé skynsamlegum tillögum um breytingar á starfs- háttum Hæstaréttar.

Þýðingarmikil endurbót

Það er ennþá eindregin skoðun mín að þessar breytingar á reglum laga um ritun dóma og birtingu feli í sér þýðingarmikinn þátt í að bæta starfsemi Hæstaréttar. Kannski verður auðveldara að hrinda þeim í framkvæmd ef ráðist verður í stofnun milli- dómstigs með þeirri fækkun mála fyrir Hæstarétti sem af því myndi leiða.


TRAUST Á DÓMSTÓLUM

Það er kominn tími til þess að dómara á Íslandi verði miklu sýnilegri almenningi en verið hefur fram til þessa. Slikt er að mínum dómi til þess fallið að auka traust almennings til dómstólanna og sýnist ekki af veita ef marka má kannanir á þessu. Dómara eiga til dæmis hiklaust að taka þátt í málefnalegum umræðum á opinberum vettvangi um starfsemi dómstólanna. Auðvitað þurfa dómara að gæta að sér þegar fjallað er um dómsmál þar sem þeir hafa sjálfir setið í dómi. Séu forsendur fyrir dómshjústöðu fullnægjandi ættu þeir ekki að þurfa að hafa fleiri orð um þær. Allt öðru máli gegnir um þátttöku í almennum umræðum, þar sem til dæmis væri rætt um starfsskilyrði dómstóla og þær aðferðir sem heimilt er að beita við úrlausn dómsmála.³⁵

Það mun hafa verið á vordögum 2011 að ég samdi lítið minnisblað með tillögu um gerð kynningarþátta um dómstóla sem ég sendi til útvarpsstjóra RÚV og einnig til formanna Dómarafélags Íslands og Lögmannafélags Íslands. Minnisblaðið var svoljóðandi:

Kynning á starfsemi dómstóla í sjónvarpi

Mælingar á undanförunum árum sýna að almenningur á Íslandi þer lítið traust til dómstóla. Líklega



Leitað eftir réttlætinu

Stundum finnst dómara hann hafa úr mörgum
kostum að velja þó að einungis einn sé hinn rétti.
Tilviljun getur þá ráðið því hvaða lausn hann
fangar.

á þetta ekki síst rót að rekja til þess að fólkið í landinu veit lítið um störfín sem unnin eru við þessar þýðingarmiklu stofnanir. Fréttaflutningur af dómum er oft í uppsláttarstil með gagnrýnistón og er hreint ekki til þess fallinn að upplýsa með hlutlausum og fræðandi hætti um forsendur dómma, sem jafnan eru þó birtar með niðurstöðunni. 81 Dómarar eru að mestu leyti ósýnilegir almenningi. Fólkið sér þá aldrei og veit ekki mikið um þá. Í nútímalegu samfélagi getur traust til stofnana þjóðfélagsins ekki byggst á þögn og fjarlægð. Það verður að byggjast á upplýsingum og þekkingu á starfi þeirra.

Dómarafélag Íslands, Lögmannafélag Íslands og Ríkisútvarpið ættu að taka sig saman um að gera fræðsluþætti fyrir sjónvarp um dómstóla og starfsemi þeirra. Tilgangurinn væri sá að almenningur fengi betri innsýn í viðfangsefnin sem við er fengist og aðferðirnar sem beita má við meðferð og úrlausn mála.

Meðal efnis í svona þáttum gæti verið:

- 1 Viðtöl við dómara. Viðtölin verði um störf þeirra almennt, svo sem um aðferðir sem þeim er heimilt að beita við úrlausnir á réttarágreiningu, um starfsskilyrði við dómstóla, um málaþjölda og flokkun mála og að öðru leyti allt annað sem gæti verið til þess fallið að fræða um starfsemina. Fyrirfram yrði að heita þeim því að þeir yrðu hvorki spurðir um einstök dómsmál né deilumál líðandi stundar í þjóðfélaginu hvort sem þau

- væru af vettvangi stjórn mála eða öðrum vettvangi.
- 82 2 Kynning á áhugaverðum dómsmálum sem til meðferðar eru fyrir dómi og athygli vekja hjá þjóðinni. Hægt væri að fá lögmenn aðila í viðtöl til þess að skýra hin lögfræðilegu viðfangsefni sem úr þarf að leysa. Þetta er vel unnt að gera án þess að þetta hirtist almenningi sem málflutningur af þeirra hálfu.
- 3 Frásagnir af áhugaverðum dómsniðurstöðum og skýringar á forsendum þeirra. Til liðsinnis mætti fá hlutlausu lögfræðinga, t.d. háskólakennara.
- 4 Fleira kemur til greina svo sem kynning á meginreglum stjórnskipunar um þriggreiningu ríkisvaldsins og hlutverki dómstóla í því samhengi. Þá mætti fjalla um réttarheimildir almennt og beitingu þeirra. Einnig mætti kynna stjórnarskrána, til dæmis mannréttindakaflann, og skýra út réttarlega þýðingu hans og hvernig heimildir réttarins geta verið misréttháar.

Nauðsynlegt er að lögfræðiþekking komi við sögu við gerð þáttanna og framreiðslu efnisins. DÍ og LMFÍ ættu að bjóðast til þess að tilnefna fulltrúa sína (einn frá hvorum) til þess að aðstoða RÚV við undirbúning og gerð þáttanna.

Minnisblaðið skýrir sig sjálft. Ég átti samtöl við útvarpsstjóra um þetta. Hann sýndi málinu áhuga í orði kveðnu en mér er ekki kunnugt um að neitt hafi verið gert á þeim bæ til þess að hrinda hugmyndinni í framkvæmd. Formenn DÍ og LMFÍ töldu

báðir æskilegt að ráðast í gerð svona þátta og sjá til
hvernig til tækist.

LOKAORÐ

84 **H**ÆSTIRÉTTUR Íslands er veikburða. Fyrir því eru margar ástæður. Í þessari ritgerð hefur verið reynt að gera grein fyrir þeim helstu. Þjóðin þarf að eignast miklu sterkari dómstól. Þeir sem starfa við réttinn vilja helst fá að véla um málefni hans einir. Þau eru hins vegar ekki einkamál þeirra. Hér hafa verið gerðar tillögur um breytingar á dómskerfinu og starfsháttum þess. Þær tillögur miða að verulegum úrbótum. Þeim ætti að hrinda sem fyrst í framkvæmd. Þær munu gera Hæstarétt Íslands sterkari og betur fallinn til þess að gegna hlutverki sínu.

Helstu breytingarnar sem gera þarf eru þessar:

- a. Stofna þarf millidómstig þegar í stað, einn dómstól sem taki til landsins alls. Hann starfi sem áfrýjunardómstóll bæði í einkamálum og sakamálum.
- b. Við þetta mætti fækka málum verulega í Hæstarétti þannig að hann dæmdi aðeins í þýðingarmestu málum. Málum yrði skotið til hans beint af neðsta dómstigi samkvæmt áfrýjunarleyfum sem Hæstiréttur veitti sjálfur.
- c. Af þessu myndi leiða að dómurum við Hæstarétt yrði fækkað í fimm sem dæmdu allir í öllum málum. Hver og einn dómari ætti að geta ráðið



Skipting forsjár og áhrifa

Í ofurönnnum taka sumir að hafa meiri áhrif á efni dómanna en aðrir, sem þá hafa tilhneigingu til að beygja sig fyrir hinum sterka og láta hann ráða.

sér aðstoðarmann sem hann velur sjálfur.

- d. Breyta þarf reglum um skipun dómara í Hæstarétt, meðal annars á þann hátt að afnema með öllu áhrif sitjandi dómara við ákvarðanir þar um. Ákvörðun ráðherra um skipun í embætti ætti að þarfnast samþykkis Alþingis.
- 86 e. Einungis ætti að nota heimild til þess að skipa varadómara í einstök mál í undantekningartilvikum þar sem knýjandi nauðsyn ber til svo sem forföll eins dómaranna fimm frá máli eða vanhæfi.
- f. Breyta þarf reglum um ritun atkvæða við Hæstarétt og auka gagnsæi í störfum réttarins með því að mæla fyrir um að dómarar skuli leggja nöfn sín við texta sína og greiða skriflega atkvæði. Við birtingu dómanna ættu allar upplýsingar um þetta að koma fram.
- g. Starfandi dómarar ættu að taka upp nýja hætti í samskiptum við fjölmiðla og þátttöku í almennum umræðum um dómstólinn.

AFTANMÁLSGREINAR

- 1 Jón Steinar Gunnlaugsson: *Um fordæmi og valdmörk dómstóla*, Háskólinn í Reykjavík, lagadeild, 2003, bls. 27–34. 87
- 2 Með lögum nr. 42/1973 var dómurum við réttinn fjölgað um einn og urðu þeir þá sex talsins.
- 3 Í grein eftir Guðrúnu Erlendsdóttur fyrrverandi hæstaréttardómara sem skrifuð var í tilefni af 75 ára afmæli Hæstaréttar og birt í Tímariti lögfræðinga 1. hefti 1995, bls. 22–28, er að finna upplýsingar um þróun lagaákvæða um starfsemi réttarins frá stofnun hans fram til lagabreytinga með lögum nr. 39/1994.
- 4 Ársskýrslurnar eru birtar á heimasíðu Hæstaréttar Íslands, á slóðinni <http://haestirettur.is/>.
- 5 Svo stóð reyndar á í þessu máli nr. 155/2011 að það hafði fyrst verið flutt fyrir fimm dómurum. Voru í dómarahópnum þá allir þrjú dómarnir sem urðu í minnihluta í málinu og tveir hinna. Vegna mikilvægis málsins, sem dómurum hefur sjálfsagt ekki orðið nægilega ljóst fyrr en eftir fyrri málflutninginn, var ákveðið að endurupptaka málið og láta flytja það á ný fyrir sjö dómurum. Ekki tókst þá betur til en svo að báðir þeir sem við bættust gengu í lið með þeim tveimur sem sýnilega höfðu verið í minnihluta í fyrra skiptið. Var málsaðilum því ljóst að ákvörðunin um að fjölga í dómnum upp í sjö leiddi til þess að niðurstaðan breyttist. Svona atburðarás er auðvitað

farsakennd. Hún er skilgetið afkvæmi þess skipulags sem nú ríkir í Hæstarétti.

- 88
- 6 Í hópinn voru skipuð Sigurður Tómas Magnússon prófessor, Benedikt Bogason þá dómstjóri, Símon Sigvaldason héraðsdómari og Ása Ólafsdóttir lektor.
 - 7 Skýrsluna er að finna á netsíðu innanrikisráðuneytisins undir fyrirsögninni „Telja full rök til þess að stofna millidómstig“ á slóðinni: <http://www.innanrikisraduneyti.is/frettir/nr/27198>
 - 8 Mér er ekki grunlaust um að áhrifamiklir lögfræðingar sem á þessum tíma höfðu hug á að setjast í Hæstarétt hafi staðið gegn breytingum í þessa átt, þar sem það dró úr líkum þeirra á að úr draumunum rættist. Þá virðast einnig félagar þeirra, sem þegar sitja sem dómara við Hæstarétt og hafa þar tögl og hagldir við stjórn mála, ekki hafa verið svo fráhverfir því að viðhalda óbreyttu kerfi.
 - 9 Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til laga nr. 12/2011 kemur fram að tillagan um að fjölga dómurum í 12 hafi verið komin frá Hæstarétti (sjá þingskjal 277 á 139. löggjafarþingi). Ég minnst þess að málið kom til meðferðar hjá réttinum á þessum tíma. Það var lagt þannig fyrir að ekki væri til neins að leggja til stofnun millidómstóls strax. Ekki yrði í hana ráðist að svo stöddu. Nauðsynlegt var að leysa úr aðkallandi vanda vegna málafjöldans. Afgreiðsla réttarins var á þeirri forsendu byggð að fjölgun dómara væri eina leiðin sem til greina kæmi. Ekki veit ég hvernig þessi forsenda var til komin.
 - 10 Það skal nefnt í þessu samhengi að sjálfsagt er að hver dómari við réttinn fái að minnsta kosti einn

aðstoðarmann sem hann velur sjálfur. Svo undarlegt sem það má virðast lögðust flestir hinna dómara við réttinn gegn tillögu sem ég flutti um þetta haustið 2008.

- 11 Ef um væri að ræða sakamál yrði að gera ráð fyrir að bein sönnunarfærsla gæti farið fram fyrir Hæstarétti. Það ætti við hina nýju skipan ekki að þurfa að íþyngja dómstólnum um of. 89
- 12 Sjá til dæmis rit Bjargar Thorarensen „Stjórnskipunar-
réttur. Mannréttindi.“, Reykjavík 2008, bls. 24, 50, 218
og víðar.
- 13 Lög nr. 73/1975 um Hæstarétt Íslands; felld úr gildi
með lögum nr. 15/1998 um dómstóla, 1. tl. 35. gr.
- 14 Frá mínum eigin lögmannsferli man ég eftir tveimur
dæmum þess að varadómari hafi skilað sératkvæði. Í
H.1988.104 vildi Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.
ekki fallast á með tveimur reglulegum dómurum að
refsa bæri manni fyrir bruggun áfengis, þó að hann
hefði blandað áfengi saman við pilsner (!), og í
H.1991.936 skilaði Jón G. Tómasson hrl. sératkvæði
í máli ákærvalds gegn fyrrverandi stjórnendum
Hafskips hf. og vildi staðfesta héraðsdóm, þar sem
þeir höfðu að mestu verið sýknaðir. Fjórir reglulegir
dómarar kváðu upp að nokkrum mun þyngri dóm.
Þessir tveir lögfræðingar voru ekki aftur svo kunnugt
sé kvaddir til setu í Hæstarétti, þó að síðar hafi
flestum orðið ljóst að þeirra lögfræði var í dómunum
betri en reglulegu dómara.
- 15 Fróðlegt væri ef einhver rannsakandi á sviði lögfræð-
innar gerði könnun á því hverjir hafi verið kvaddir
sem varadómarar frá því heimild til þess kom í lög,

- hversu oft hver og einn, og hver hafi gegnt embætti forseta Hæstaréttar þegar þeir voru kvaddir til.
- 16 Raunar voru engin vandkvæði á að gera þetta strax
90 haustið 2010, þegar eftir fundinn sem haldinn var 8.
október það ár og nefndur var fyrir í ritgerð þessari.
Þessi fundur leiddi með afgerandi hætti fram nær
einróma afstöðu lögfræðinga og ráðherrans um
nauðsyn þess að stofna millidómstigið í því skyni
að treysta dómskerfið, ekki sist vegna erfiðra og
þýðingarmikilla dómsmála í kjölfar bankahruns. Það
er samt eins og það hafi þá ekki verið talið tímabært,
þó að ekki hafi verið færðar fram röksemdir svo
kunnugt sé fyrir þeirri afstöðu. Nú verða brátt liðin
þrjú ár frá því þessi fundur var haldinn og ennþá
virðast þeir sem mestu ráða ekki telja tímabært að
ráðast í breytingarnar! Getur verið að þeir sem hafa
komið sér fyrir í valdastöðum dómskerfisins séu í
reynd andvígir þessum breytingum og þá ef til vill
vegna þess að þeir telji þær skerða völd sín yfir því
kerfi? Þessu get ég ekki svarað með vissu en bendi
á að í athugasemdum sem fylgdu frumvarpinu sem
varð að lögum nr. 138/2012 er sagt að frumvarpið
sé samið að tilhlutan innanríkisráðherra að höfðu
samráði við réttararsnefnd (sjá þingskjal 613 á
141. löggjafarþingi). Í athugasemdum sem fylgdu
frumvarpinu er ekki nefnt að annmarkar kunni að
vera á því úrræði sem í því felist. Ég var kvaddur á
fund þingnefndar sem fjallaði um málið milli 2. og 3.
umræðu. Þar voru einnig fulltrúar frá réttararsnefnd
og innanríkisráðuneyti. Það vakti undrun mína að
alþingismönnum sem sátu fundinn hafði, að því er
virtist, ekki verið gerð nein sérstök grein fyrir þeim

annmörkum sem fælust í varadómaraakerfinu. Úr því reyndi ég að bæta á fundinum. Nefndin flutti svo tillögu um að stytta hina rýmkuðu heimild til þess að skipa varadómara um eitt ár frá því sem lagt hafði verið til í upphaflegu frumvarpi. Sjá nefndarálit og tillögu á þingskjali 804 á 141 lögjafarþingi, <http://www.althingi.is/altext/141/s/0804.html>. Tillaga nefndarinnar var samþykkt og rennur heimildin því út í árslok 2015.

91

- 17 Sjá Lögmannablaðið 1. tbl. 2000, bls. 14–15.
- 18 Huga þarf að því að bæta launakjör hæstaréttardómara frá því sem verið hefur, meðal annars til þess að reyna að stuðla að því að hæfir málflutningsmenn sækist eftir embættum dómara.
- 19 Jón Steinar Gunnlaugsson: „Skipun hæstaréttardómara. Er breytinga þörf?“, Tímarit lögfræðinga 2. hefti 2006, bls. 193–198.
- 20 Sjá reglur nr. 620/2010 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti.
- 21 Það er reyndar að mínum dómi stórlega athugasvert að réttarfarsnefnd skuli hafa undanfarna áratugi verið að verulegum hluta skipuð sitjandi dómurum við Hæstarétt. Hlutverk nefndarinnar er að vera innanríkisráðherra til ráðgjafar um samningu frumvarpa og annarra reglna á sviði réttarfars, semja frumvörp og aðrar reglur að beiðni ráðherra á því sviði og í samræmi við áætlun og áherslur ráðherra og veita umsagnir um frumvörp og aðrar tillögur er varða réttarfar. Störf að þessum verkefnum teljast stjórnsýslustörf og geta ekki samrýmst því að gegna dómaraembættum við Hæstarétt. Núna

- er einn af dómurum réttarins formaður þessarar stjórnýslunefndar og annar ritari hennar.
- 92 22 Athyglisverðar hugleiðingar um þetta efni má lesa í grein eftir Arnar Þór Jónsson, sérfræðing við laga-deild HR, sem birtist í Úlfljóti, 4. tbl. 2012, bls. 415–434, en rötina að skrifum sínum segir höfundur vera umsögn nefndarinnar sem birt hafi verið á vef innanrikisráðuneytisins 6. október 2011 (er sýnilega um að ræða umsögn 3. október 2011). Hafi læðst að höfundinum „óskilgreind ónotatilfinning“ við lestur umsagnarinnar. Arnar Þór á heiður skilinn fyrir að stíga fram og fjalla um þetta á þann hátt sem hann gerir.
- 23 Sjá á heimasíðu innanrikisráðuneytisins slóðina <http://www.innanrikisraduneyti.is/frettir/nr/27128>.
- 24 Ég hef grun um að konurnar tvær hafi hér fengið að njóta kynferðis síns, því að þótt þær hafi staðið sig ágætlega í störfum sínum sem dómara var að mínum dómi ekki mikill vafi á að karlarnir tveir stóðu þeim framar í hæfni. Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi að breytingarlögunum nr. 45/2011 er vísað til lagaákvæða sem „taka verður tillit til“ við skipun dómara. Þar eru meðal annars nefnd lög nr. 10/2008 um jafna stöðu karla og kvenna. Umsagnar-nefndin hefur getið um þetta í umsögnum sínum en tekið einnig með tilvísun til 65. gr. stjórnarskrár og fleiri staða í lögum, sem ekki verður skilið öðru vísi en svo að nefndin telji að kynferði umsækjenda megi ekki hafa áhrif á mat hennar á umsækjendum. Þetta er auðvitað laukrétt. Mér sýnist að nefndin hafi samt í reynd látið þetta hafa áhrif á flokkun sína.


- 25 Sjá á heimasíðu innanríkisráðuneytisins slóðina <http://www.innanrikisraduneyti.is/frettir/nr/27288>.
- 26 Sjá á heimasíðu innanríkisráðuneytisins slóðina <http://www.innanrikisraduneyti.is/frettir/nr/28350>.
- 27 Ekki skal gert lítið úr slíkri gæslu hagsmuna en því fer hins vegar fjarri að hún geti jafnast í starfsreynslu á við fullburðugan munnlegan málflutning, hvort sem er í einkamáli eða sakamáli. 93
- 28 Það vekur athygli að þessi umsækjandi situr í réttarfarsnefnd, þar sem formaður umsagnarnefndarinnar er einnig formaður!
- 29 H.2000.4394.
- 30 Sveigt var inn á rétta braut á ný í því efni sem hér um ræðir með dómi Hæstaréttar 2. nóvember 2012 í máli nr. 658/2012, þar sem fjallað var efnislega um frávisunarúrskurð héraðsdóms þó að kröfufjárhæð í málinu næði ekki áfrýjunarfjárhæð. Einn dómaraanna í þessu máli hafði einnig setið í máli nr. 469/2012.
- 31 Ef þessi nýbreytni yrði lögleidd myndu þeir dómara sem væru sammála forsendum og niðurstöðu frummælanda eftir sem áður benda honum á það sem þeir teldu að betur mætti fara í texta hans áður en frá honum yrði gengið. Þetta myndu þeir sem sjálfir skila sératkvæði líka geta gert eins og mörg dæmi eru um að gerst hafi í fortíðinni, enda liður í góðri samvinnu milli manna að þeir vinni líka vel saman þó að efnislegur ágreiningur sé á milli þeirra um forsendur og niðurstöðu. Raunar þekkjast dæmi um að dómari sem er í minnihluta og skilar sératkvæði hafi samið atkvæði meirihlutans(!), þó að einhver hinna sé auðvitað skráður fyrir atkvæðinu sem frummælandi. Ekkert er að þessu.

- 32 Sjá í Alþingistiðindum á netinu: 139. löggjafarþing 2010–11, þskj. 10-10. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum.
- 94 33 Þessi umsögn er of löng til þess að verða tekin hér upp í heild. Hluti af efni hennar kemur óbeint fram í texta mínum hér á eftir þar sem ég birti andsvör mín við ýmsu sem í þessari umsögn sagði. Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér þetta nánar ættu að geta nálgast umsögn dómara sjö á vefsíðu Alþingis, slóðinni <http://www.althingi.is/dba-bin/erindi.pl?ltg=139&mnr=10>.
- 34 Unnt mun vera að kynna sér umsagnir þessar á slóðinni <http://www.althingi.is/dba-bin/erindi.pl?ltg=139&mnr=10>
- 35 Sjá hér Rökstóla um þátttöku dómara í almennum umræðum um viðfangsefni dómstóla í Úlfjótí 2. tbl. 2008, einkum svar höfundar bls. 330–331: „Æskilegt að dómara taki þátt í almennum umræðum um verkefni dómstóla.“

ÞAKKIR

ÉG fékk allmarga til þess að lesa yfir handrit að ritgerðinni. Frá þeim öllum fékk ég gagnlegar ábendingar um það sem betur mætti fara í textagerð og efni. Ekki var samt farið eftir öllu sem á var bent. Lokagerðin sem hér birtist er auðvitað eingöngu á ábyrgð höfundarins.

Með þessum hætti hjálpuðu til lögfræðingarnir Baldvin Björn Haraldsson, Björgvin Þorsteinsson, Brynjar Nielsson, Eiríkur Elís Þorláksson, Finnur Torfi Stefánsson, Haukur Örn Birgisson, Heimir Örn Herbertsson, Karl Axelsson, Ólafur Gústafsson, Reimar Pétursson, Sigurður Kári Kristjánsson, Sigurður Tómas Magnússon, Stefán Geir Þórisson og Þorsteinn Einarsson, endurskoðandinn Þorsteinn Haraldsson, Brynjólfur Bjarnason rekstrarhagfræðingur, Þór Whitehead prófessor í sagnfræði, Gunnlaugur SE Briem leturfræðingur, Hjalti Baldursson forstjóri, börnin mín Ívar Páll, Gunnlaugur, Konráð, Hulda Björg og Hlynur og síðast en ekki síst eigin konan Kristín Pálsdóttir. Öllu þessu fólki færi ég mínar bestu þakkir fyrir liðveisluna.



Á lén
Landsbókasafns
<rafhladan.is>
má sækja verkið
Veikburda_Haestirettur.pdf.
Það er ókeypis
og öllum heimilt.

ISBN 978-9935-426-64-2



ALMENNA
BÓKAFÉLAGIÐ